

Frumvarp til laga

um brottfararstöð.

Frá dómsmálaráðherra.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um brottfararstöð og um réttindi og skyldur útlendinga sem þar eru vistaðir. Stjórnsýslulög gilda um meðferð mála nema annað leiði af lögum þessum.

2. gr.

Orðskýringar.

- Agabrot:** Brot á lögum þessum, reglugerðum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra og kveða á um skyldur útlendinga sem vistaðir eru á brottfararstöð.
- Agaviðurlög:** Viðurlög við agabrotum útlendinga sem vistaðir eru á brottfararstöð.
- Barn:** Einstaklingur undir 18 ára aldri.
- Brottfararstöð:** Staður þar sem útlendingur sætir frelsisskerðingu samkvæmt lögum um útlendinga vegna ákvörðunar um að hann skuli yfirgefa landið og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar hjá stjórnvöldum.
- Einstaklingar í sérstaklega viðkvæmri stöðu:** Einstaklingar sem vegna tiltekinna persónulegra eiginleika eða aðstæðna hafa sérþarfir sem taka þarf tillit til við meðferð máls, t.d. börn, fatlaðir einstaklingar, einstaklingar með geðraskanir eða geðfötlun, aldraðir einstaklingar, þungaðir einstaklingar, einstæðir foreldrar með ung börn, fórnarlömb mansals, alvarlega veikir einstaklingar og einstaklingar sem hafa orðið fyrir pyndingum, kynfæralímlestingum, nauðgun eða öðru alvarlegu andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi.
- Fylgdarlaust barn:** Barn sem kemur fylgdarlaust á yfirráðasvæði ríkis, svo lengi sem það hefur ekki í reynd verið tekið í umsjá foreldra eða fullorðins einstaklings sem ber ábyrgð á því samkvæmt lögræðislögum. Þetta á einnig við ef barnið er skilið eftir án fylgdar eftir að það kemur á yfirráðasvæði ríkis.
- Heilbrigðisþjónusta:** Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúspjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjapjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.
- Útlendingur:** Einstaklingur sem hefur ekki íslenskan ríkisborgararétt.
- Vistaður:** Einstaklingur sem er vistaður á brottfararstöð.

3. gr.

Rekstur og yfirstjórn.

Heimilt er að reka brottfararstöð á fleiri en einum stað.

Rekstur brottfararstöðvar hér á landi er á ábyrgð lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Ráðherra fer með yfirstjórn laga þessara.

4. gr.

Yfirmaður.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum ræður yfirmann brottfararstöðvar sem fer með daglegan rekstur brottfararstöðvar í umboði lögreglustjórans.

Heimilt er að yfirmaður brottfararstöðvar hafi umsjón með daglegum rekstri fleiri en einnar brottfararstöðvar.

5. gr.

Starfsfólk.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum skipar fangaverði til fimm ára í senn og ræður annað starfsfólk brottfararstöðvar.

Fangaverðir skulu uppfylla skilyrði til starfa sem sett eru í lögum um fullnustu refsinga og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Heimilt er að ráða fangavörð tímabundið til afleysinga, enda hafi hann setið undirbúningsnámskeið í fangavörslu og staðist bakgrunns-skóðun.

Fangaverðir skulu njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og mælt er fyrir um í lögum um fullnustu refsinga.

Fangaverðir og annað starfsfólk skulu hljóta viðeigandi þjálfun sem tekur mið af þeim einstaklingum sem vistaðir eru á brottfararstöð.

II. KAFLI

Brottfararstöð.

6. gr.

Vistun á brottfararstöð.

Heimilt er að vista útlending á brottfararstöð samkvæmt skilyrðum laga um útlendinga.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum tekur ákvörðun um hvar skuli vista einstakling skv. 1. mgr.

Lögreglustjóranum á Suðurnesjum er heimilt að flytja einstakling á milli brottfararstöðva. Einstaklingi skal tilkynnt fyrir fram um flutning með minnst sólarhrings fyrirvara og gerð grein fyrir ástæðum flutnings, nema hann teljist nauðsynlegur af öryggisástæðum eða vegna heilbrigðis viðkomandi.

7. gr.

Upphaf vistunar.

Taka skal andlitsmynd af einstaklingi þegar hann er vistaður á brottfararstöð og skrá persónuupplýsingar hans, þar á meðal fullt nafn, kyn, fæðingardag, þjóðerni, fæðingarland og/eða ríkisfangsleysi til samræmis við skilríki eða framburð hans, ásamt öðrum viðeigandi upplýsingum eins og tungumáli viðkomandi. Einnig skal skrá upplýsingar um mál einstaklingins, m.a. hvenær hann var frelsissviptur, það stjórnvald sem tók ákvörðunina, grundvöll fyrir vistuninni, vistunartíma ásamt því hvar viðkomandi er vistaður.

Almennt skal heilbrigðisstarfsmaður skoða einstakling við komu á brottfararstöð og ef þörf krefur á meðan vistun stendur. Skrá skal upplýsingar um heilsufar viðkomandi og sjúkrasögu.

Heilbrigðisstarfsfólki er skylt að upplýsa lögreglustjórann á Suðurnesjum um sjúkdóma sem gætu varðað öryggi og heilsu annarra.

Við upphaf vistunar skal afhenda einstaklingi og kynna, á tungumáli sem hann skilur, þær reglur sem um vistunina gilda, réttindi og skyldur vistmanna, hvaða háttsemi varðar agaviðurlögum, um meðferð slíkra mála, heimild til að beina kvörtun til umboðsmanns Alþingis og rétt viðkomandi til að hafa samband við lögmann.

Við upphaf vistunar skal heimila einstaklingi að hafa samband við lögmann, aðstandendur fulltrúa heimalands síns og/eða viðurkennd mannúðar- eða mannréttindasamtök eins fljótt og auðið er.

8. gr.

Vistarverur.

Heimilt er að hafa brottfararstöð deildaskipta.

Vistarverur karla og kvenna skulu vera aðskildar en samgangur þeirra almennt heimill í sameiginlegum rýmum, nema sérstakar aðstæður eða húsrými komi í veg fyrir það. Vistmanni er óheimilt að fara inn í herbergi vistmanns af öðru kyni.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur lögreglustjórinn á Suðurnesjum ákveðið annað ef brýnir hagsmunir vistmanns eða annarra vistmanna krefjast þess.

Fjölskyldum skal séð fyrir sérstökum vistarverum sem tryggja fullnægjandi friðhelgi þeirra.

Lögreglustjóranum á Suðurnesjum er heimilt að:

- leyfa vistmanni að hafa í herbergi sínu tiltekinn búnað í samræmi við reglur um brottfararstöð,
- læsa herbergjum að næturlagi ef sérstakar ástæður mæla með því og læsa herbergjum á öðrum tímum af öryggisástæðum,
- kveða á um greiðslur bæði dagpeninga og fæðispeninga til vistmanna, meðal annars með hliðsjón af aðbúnaði á brottfararstöð.

9. gr.

Réttindi og skyldur vistmanna.

Þjónusta á brottfararstöð skal taka mið af þörfum og stöðu vistmanna. Einkum skal huga að aðstæðum einstaklinga í sérstaklega viðkvæmri stöðu.

Vismenn skulu njóta nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu, þar á meðal vegna geðraskana og geðfötlunar. Taka skal tillit til þeirra sem hafa sérþarfir eða þurfa sérstaka aðstoð. Barnshafandi einstaklingar skulu fá aðgang að mæðravernd og fæðingarhjálp.

Vismaður á rétt á að taka á móti gestum, símtölum og hringja, senda og taka við bréfum, fá aðgang að fjölmiðlum, umgangast aðra vismenn, útiveru, líkamsrækt, iðka tómstundastörf eftir því sem aðstæður leyfa, njóta friðhelgi einkalífs og iðka trú sína eða lífsafstöðu til samræmis við reglur um brottfararstöð og lög þessi. Börn skulu þar að auki eiga möguleika á að taka þátt í frístundastarfi, eftir því sem aðstæður leyfa, þ.m.t. leik og tómstundastarfi sem hæfir aldri þeirra.

Vistmanni er skylt að hlýða fyrirmælum sem starfsfólk brottfararstöðvar gefur og er óheimilt að hindra fangaverði eða annað starfsfólk í að gegna skyldustörfum sínum.

10. gr.

Heimsóknir og fjölmiðlaviðtöl.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum getur ákveðið að heimsóknir tiltekins einstaklings fari fram undir eftirliti starfsmanns, í afmörkuðu og tilgreindu rými, eða bannað líkamlega snertingu gests og vistmanns, bannað tiltekinum einstaklingi að heimsækja vistmann ef nauðsynlegt þykir til að viðhalda ró, góðri reglu og öryggi á staðnum og til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað eða ef ástæða er til að ætla að ekki verði farið eftir heimsóknarreglum að öðru leyti. Slíka ákvörðun skal rökstyðja skriflega.

Heimilt er að rjúfa heimsókn ef það þykir nauðsynlegt til að viðhalda ró, góðri reglu og öryggi á vistunarstað eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað.

Heimsókn lögmanns til vistmanns skal ávallt vera án eftirlits nema lögmaður óski annars.

Viðeigandi og þar til bærar stofnanir og aðilar, landsbundin eða alþjóðleg, svo og frjáls félagasamtök skulu eiga kost á að heimsækja húsakynni brottfararstöðvar að fengnu leyfi frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum, sem skal óska eftir fyrir fram.

Fjölmiðlum er heimilt að taka viðtal við vistmann með samþykki hans og að gefnu leyfi lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Heimilt er að skilyrða leyfi samkvæmt 4. og 5. mgr. til að viðhalda ró, góðri reglu og öryggi á brottfararstöð. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum setur reglur um nánari framkvæmd fjölmiðlaviðtala við vistmenn.

11. gr.

Álagsástand.

Heimilt er að víkja frá 4. mgr. 8. gr. og vista útlendinga annars staðar en á brottfararstöð ef þær aðstæður skapast að óvenjumargir útlendingar bíða brottflutnings og vistun er ekki möguleg á brottfararstöð eða starfsfólk annar ekki álaginu.

III. KAFLI

Valdbeitingarheimildir, leit, agabrot, agaviðurlög o.fl.

12. gr.

Heimild til valdbeitingar.

Fangavörðum og öðru starfsfólki brottfararstöðvar er heimilt að beita valdi við skyldustörf ef það telst nauðsynlegt, að uppfylltum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016.

Aldrei má þó ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni.

Óheimilt er að beita börn valdi nema það teljist nauðsynlegt til að ná lögmætum markmiðum, til verndar lífi, heilsu og þroska viðkomandi barns eða annarra vistmanna, lífi eða heilsu starfsmanna eða til verndar eignum. Starfsfólk er ekki heimilt að beita valdbeitingartækjum gegn barni.

13. gr.

Heimild til leitar og líkamsleitar.

Leita má á einstaklingi, í fötum hans og munum við upphaf vistunar á brottfararstöð, eftir heimsóknir og við almennt eftirlit til þess að koma í veg fyrir að hann hafi í vörslum sínum muni eða efni sem vísað er til í 2. mgr.

Leita má í herbergi vistmanns ef grunur leikur á að þar sé að finna muni eða efni sem:

- d. refsivert er að hafa í vörslum sínum,
- e. tengjast refsiverðum verknaði,

- f. smyglað hefur verið inn,
- g. óheimilt er að hafa samkvæmt reglum um brottfararstöð.

Heimilt er að leita í herbergi vistmanns við almennt eftirlit og skoða herbergi að öðru leyti þótt skilyrði 2. mgr. séu ekki uppfyllt.

14. gr.

Leit og líkamsleit.

Leit skv. 1 mgr. 13. gr. skal framkvæmd af starfsmanni sem er sama kyns og sá sem leitað er á. Þó getur lögreglustjórinn á Suðurnesjum ákveðið annað ef brýnir hagsmunir vistmanns krefjast þess.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum tekur ákvörðun um leit í herbergi vistmanns skv. 2. og 3. mgr. 13. gr.

Vistmaður skal að jafnaði vera viðstaddur leit í herbergi. Heimilt er þó að víkja frá þessu skilyrði samkvæmt ákvörðun lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Vistmanni skal skýrt frá ástæðum fyrir leit í herbergi áður en hún fer fram nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvörðun um leit í herbergi vistmanns skal tekin með rökstuddri bókun.

Gera skal skýrslu um tilefni leitar skv. 13. gr. og framkvæmd hennar.

Vistmaður nýtur ekki andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin um leit eða líkamsleit. Stjórnsýslukæra frestar ekki aðgerðum skv. 13. gr.

15. gr.

Agabrot.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum getur beitt vistmann agaviðurlögum vegna brota á lögum þessum, reglugerðum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra og kveða á um skyldur vistmanns, enda komi fram að brot á þeim varði agaviðurlögum.

16. gr.

Agaviðurlög.

Agaviðurlög eru eftirtalin:

- a. skrifleg áminning,
- b. svipting búnaðar sem sérstakt leyfi þarf fyrir,
- c. takmörkun heimsóknna, símtala og bréfaskipta um ákveðinn tíma,
- d. takmarkanir á útivist og aðstöðu til íþróttaiðkunar um ákveðinn tíma.

Eingöngu má beita skriflegri áminningu ef brot er smávægilegt og vistmaður hefur ekki áður framið agabrot.

Beita má fleiri en einni tegund agaviðurlaga samhliða.

Áður en ákvörðun um agaviðurlög er tekin skulu málsatvik rannsökuð og skal vistmanni gefinn kostur á að kynna sér fyrirbyggjandi gögn og koma sjónarmiðum sínum um þau á framfæri.

Ákvörðun um agaviðurlög skal rökstudd, bókun og birt vistmanni í viðurvist vitnis.

Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. er óheimilt að takmarka heimsóknir, símtöl eða bréfaskipti einstaklings við lögmann, opinberar stofnanir eða umboðsmann Alþingis.

Óheimilt er að beita barn agaviðurlögum.

17. gr.

Aðskilnaður og vistun í öryggisklefa.

Heimilt er að aðskilja vistmann frá öðrum vistmönnum eða vista hann í öryggisklefa ef nauðsyn krefur, að uppfylltum skilyrðum 75. og 76. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum tekur ákvörðun um vistun einstaklings í öryggisklefa.

Vistmaður nýtur ekki andmælaréttar áður en ákvörðun skv. 1. mgr. er tekin.

Þegar aðskilnaði er beitt eða vistmaður settur í öryggisklefa skal kalla til lækni til að skoða hann. Ef unnt er skal læknir skoða vistmann í öryggisklefa daglega.

Eingöngu er heimilt að aðskilja barn frá öðrum vistmönnum í ýrustu neyð og þegar ljóst er að aðrar leiðir duga ekki til verndar barninu.

18. gr.

Haldlagning og upptaka.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum getur ákveðið að leggja hald á og eftir atvikum gera upptæka muni eða efni sem óheimilt er að koma með, varðveita eða búa til á brottfararstöð. Sama gildir um muni eða peninga sem reynt hefur verið að smygla til vistmanns. Ekki er þó heimilt að gera upptæka eign grandlauss þriðja manns.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum getur einnig tekið ákvörðun um upptöku muna eða peninga sem finnast á brottfararstöð ef ekki er vitað hver eigandinn er.

19. gr.

Kæruheimild.

Ákvarðanir samkvæmt lögum þessum eru kæránlegar til ráðuneytisins nema annað sé tekið fram.

Kæra sem varðar ákvörðun um agaviðurlög skv. 16. gr. eða vistun í öryggisklefa skv. 17. gr. skal afgreidd innan fjögurra virkra daga frá því að kæran barst, ella fellur hin kærða ákvörðun úr gildi. Upphafsdagur frestsins telst vera næsti virki dagur á eftir þeim degi þegar kæran berst ráðuneytinu. Úrskurðarfresturinn gildir þó ekki ef kæran berst eftir að gildistími agaviðurlaga hefur liðið undir lok eða ef agaviðurlög felast í áminningu. Ávallt skal þó leitast við að kveða upp úrskurð eins fljótt og auðið er.

Vistmaður á ekki rétt á aðgangi að málsgögnum sem innihalda upplýsingar um aðra vistmenn eða öryggisatriði tengd brottfararstöð.

IV. KAFLI

Reglugerðir, gildistaka o.fl.

20. gr.

Reglugerðir.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

- rekstur og yfirstjórn brottfararstöðvar, sbr. 3. gr.,
- samsetningu starfsmannahóps og viðeigandi þjálfun starfsfólks brottfararstöðvar, sbr. 5. gr.,
- vistarverur brottfararstöðvar, svo sem um deildaskiptingu, heimilaðan búnað og hvenær lögreglustjóranum á Suðurnesjum er heimilt að læsa herbergjum, sbr. 8. gr.,
- valdbeitingarheimildir starfsfólks og beitingu valdbeitingartækja, sbr. 12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

- a. réttindi og skyldur fangavarða og annars starfsfólks, sbr. 5. gr.,
 - b. lágmarksaðbúnað á brottfararstöð, sbr. 5. gr.,
 - c. ákvörðun um vistun á brottfararstöð, sbr. 6. gr.,
 - d. upphaf vistunar, m.a. um skráningu og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 7. gr.,
 - e. skilyrði þess að vistmönnum séu greiddir fæðispeningar og/eða dagpeningar og í hvaða tilvikum slíkar greiðslur kunni að koma til, sbr. 8. gr.
 - f. réttindi og skyldur útlendinga á brottfararstöð, svo sem aðstæður, aðbúnað, þjónustu og takmarkanir, sbr. 9. gr.,
 - g. heimsóknir og aðgang mannréttindasamtaka og fjölmiðla og takmarkanir, sbr. 10. gr.,
 - h. neyðarráðstafanir, sbr. 11. gr.,
 - i. fyrirkomulag og ráðstafanir um m.a. valdbeitingu, leit og líkamsleit, agaviðurlög, aðskilnað og vistun í öryggisklefa, haldlagningu og upptöku muna, sbr. 12.–18. gr.
- Lögreglustjórinn á Suðurnesjum skal setja reglur um brottfararstöð.
Reglur um öryggi brottfararstöðvar og fangavarða er óheimilt að birta opinberlega.

21. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi [XXXX].
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ákvæði d-, f- og j-liðar 1. tölul. 22. gr. taka gildi 12. júní 2026.

22. gr.
Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um útlendinga, nr. 80/2016:*
 - a. Á eftir 1. tölul. 3. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: *Brottfararstöð:* Staður þar sem útlendingur sætir frelsisskerðingu í samræmi við lög þessi vegna ákvörðunar um að hann skuli yfirgefa landið og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar hjá stjórnvöldum.
 - b. Í stað tilvísunarinnar „3. mgr.“ í b-lið 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: 4. mgr.
 - c. Á undan 1. mgr. 13. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Þegar lögregla tekur ákvörðun um vistun útlendinga á brottfararstöð skal hún tilnefna honum lögmann sem gæta skal hagsmuna hans í málinu meðan á vistun stendur. Kostnaður vegna starfa lögmanns greiðist úr ríkissjóði.
 - d. Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, 19. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Skimun.

Eftirtaldir skulu sæta skimun sem felur í sér upplýsingaöflun skv. 26. gr., heilbrigðisskoðun og greiningu á því hvort viðkomandi teljist í sérstaklega viðkvæmri stöðu skv. 2.–4. mgr. 25. gr. og öryggisathugun:

- a. útlendingur sem stöðvaður er í ólögmati för yfir landamæri,
- b. útlendingur sem sækir um alþjóðlega vernd á ytri landamærum og uppfyllir ekki komuskilyrði eða er heimil landganga á grundvelli mannúðarástæðna, vegna almannahagsmuna eða alþjóðlegra skuldbindinga,
- c. útlendingur sem dvelur hér á landi ólöglega og talið er að hafi komið ólöglega inn á Schengen-svæðið án þess að hafa sætt skimun.

Skimun skv. 1. mgr. skal fara fram svo fljótt sem verða má og eigi síðar en sjö sólarhringum eftir að útlendingur kemur á ytri landamæri en innan þriggja sólarhringa frá því að uppgötvast að útlendingur dvelur ólöglega á landinu.

- e. Í stað tilvísunarinnar „6. tölul. 3. gr.“ í 1. og 5. mgr. 25. gr. laganna kemur: 7. tölul. 3. gr.
- f. Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:
 - 1. Á eftir orðunum „umsækjendur um alþjóðlega vernd“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og aðra útlendinga sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 19. gr. a.
 - 2. 2. mgr. orðast svo:

Móttökumiðstöð skal vera móttöku- og þjónustuúrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd við komu þeirra til landsins, útlendinga sem mælt er fyrir um í a- og c-lið 1. mgr. 19. gr. a og eftir atvikum fórnarlömb mansals og útlendinga í neyð. Tryggja skal réttindi og öryggi þeirra og veita þeim fullnægjandi þjónustu.
- g. Í stað tilvísunarinnar „14. tölul. 3. gr.“ í 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: 15. tölul. 3. gr.
- h. Á eftir 9. mgr. 33. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Réttindi sem umsækjandi um alþjóðlega vernd og útlendingur sem hefur fengið endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd njóta samkvæmt þessari grein falla niður á meðan viðkomandi er vistaður á brottfararstöð.
- i. Eftirfarandi breytingar verða á 105. gr. laganna:
 - 1. Við 3. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: útlendingur hefur ekki sinnt tilkynningarskyldu, skyldu til dvalar á tilteknum stað eða sótt viðtöl hjá yfirvöldum.
 - 2. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Ef nauðsyn ber til að tryggja framkvæmd er heimilt að frelsissvipta útlending og vista á brottfararstöð að uppfylltum skilyrðum 114. gr. a–e eftir því sem við á.
 - 3. 5. og 6. mgr. falla brott.
- j. Við 1. mgr. 114. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: útlendingurinn sætir skimun skv. 19. gr. a.
- k. Á eftir 114. gr. laganna koma sex nýjar greinar, 114. gr. a – 114. gr. f, ásamt fyrirsögn-um, svohljóðandi:
 - a. (114. gr. a.)

Vistun á brottfararstöð.

Lögreglu er heimilt að taka ákvörðun um að frelsissvipta útlending og vista hann á brottfararstöð ef:

- a. ekki liggur fyrir hver útlendingurinn er, útlendingurinn neitar að gefa upp hver hann er eða ef rökstuddur grunur er um að hann gefi rangar upplýsingar um hver hann er,
- b. nauðsynlegt þykir til að tryggja framkvæmd ákvörðunar um að útlendingurinn skuli yfirgefa landið, svo sem þegar ætla má að hann komi sér undan framkvæmd eða hefur forðast eða hindrað undirbúning heimfarar; frelsissvipting og vistun er einnig heimil ef verulegar líkur eru á því að hann muni koma sér undan framkvæmd ákvörðunar sem felur í sér að flytja hann til annars lands innan Evrópu á grundvelli c-liðar 1. mgr. 36. gr.; frelsissvipting og vistun er auk þess heimil við meðferð máls sem getur leitt til ákvörðunar sem getið er í þessum staflið,

- c. útlendingurinn hefur ekki sinnt kröfu um tilkynningarskyldu eða skyldu til dvalar á ákveðnum stað skv. 114. gr. og mál hans er enn til meðferðar hjá stjórnvöldum eða frestur til að yfirgefa landið sjálfviljugur er ekki liðinn,
- d. endanleg ákvörðun hefur verið tekin um brottvísun, réttaráhrifum hefur ekki verið frestað og tilgangur frelsissviptingar er að flytja útlendinginn úr landi; skilyrði er að brottvísunin sé vegna brots og út frá aðstæðum útlendingins megi telja líkur til að hann fremji frekari brot,
- e. útlendingurinn gerir ekki það sem nauðsynlegt er til að afla sér ferðaskilríkja, sbr. 5. mgr. 104. gr., og tilgangurinn er að færa hann fyrir fulltrúa þess lands sem við á í því skyni að fá útgefin ferðaskilríki; frelsissvipting og vistun getur einnig átt sér stað við meðferð máls samkvæmt þessum staflíð,
- f. útlendingurinn er á íslenskum flugvelli og ætlunin er að senda hann úr landi,
- g. líklegt er að umsókn útlendingins um alþjóðlega vernd verði synjað um efnismeðferð skv. a- og d-lið 1. mgr. 36. gr.; þetta á ekki við ef útlendingurinn er barn eða er með barn með sér sem hefur einnig sótt um alþjóðlega vernd,
- h. ætla má að umsókn útlendingins um alþjóðlega vernd sæti forgangsmeðferð skv. b-f-lið 1. mgr. 29. gr.; þetta á ekki við ef útlendingurinn er barn eða er með barn með sér sem hefur einnig sótt um alþjóðlega vernd,
- i. útlendingnum hefur verið synjað um komu til landsins eða mun líklega vera synjað um komu til landsins og frávísað eða brottvísað; þetta á ekki við ef útlendingurinn hefur sótt um alþjóðlega vernd, er barn eða er með barn með sér sem uppfyllir ekki skilyrði fyrir inngöngu í landið.

Ef nauðsyn ber til er lögreglu heimilt að beita valdi við framkvæmd ákvörðunar um vistun á brottfararstöð og handtaka útlending til samræmis við ákvæði lögreglulaga.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

b. (114. gr. b.)

Form og efni ákvörðunar um vistun á brottfararstöð.

Óheimilt er að taka ákvörðun um vistun útlending á brottfararstöð ef það felur í sér ósanngjarna ráðstöfun með hliðsjón af eðli máls og atvikum að öðru leyti eða ef talið er fullnægjandi að útlendingurinn sæti þess í stað annars vægara úrræðis skv. XIII. kafla.

Ákvörðun um vistun á brottfararstöð skal vera skrifleg ásamt rökstuðningi um málsatvik og lagaleg atriði. Skal henni markaður ákveðinn tími skv. 114. gr. d og birt viðkomandi fyrir upphaf vistunar á tungumáli sem hann skilur.

Réttaráhrif ákvörðunar miðast við birtingu hennar. Við birtingu skal leiðbeina um réttaráhrif ákvörðunar og málsmeðferð fyrir héraðsdómi samkvæmt ákvæði þessu.

Ákvæði 12. gr. þessara laga, 13. gr. og VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um andmælarétt og stjórnsýslukæru gilda ekki um ákvörðun lögreglu um vistun á brottfararstöð.

Ákvörðun um vistun útlending fellur niður ef hann fer af landi brott.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

c. (114. gr. c.)

Málsmeðferð fyrir dómi.

Lögregla skal bera ákvörðun um vistun útlendinga á brottfararstöð undir héraðsdóm til staðfestingar svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að ákvörðun var birt útlendingi. Hið sama gildir um ákvörðun um framlengingu vistunar. Málsmeðferð fyrir héraðsdómi frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar nema lögregla ákveði annað.

Eftir að héraðsdómi hefur borist krafa lögreglu ákveður dómari stað og stund þinghalds þar sem málið verður tekið fyrir. Þinghald skal háð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að gögn málsins hafa borist héraðsdómi. Útlendingi er skylt að mæta fyrir dóm og gefa þar skýrslu ef dómari telur þess þörf.

Útlendingi skal skipaður lögmaður vegna meðferðar máls fyrir dómi og fer um þá skipun skv. IV. kafla laga um meðferð sakamála. Þóknun lögmanns greiðist úr ríkissjóði.

Dómari skal að jafnaði leggja úrskurð á kröfu lögreglu um vistun á brottfararstöð svo fljótt sem verða má og innan 24 klukkustunda frá því að þinghaldi lauk.

Kæra má til Landsréttar úrskurð dómara um hvort útlendingur verði vistaður á brottfararstöð ef hann getur sætt kæru eftir almennum reglum 1. mgr. 192. gr. laga um meðferð sakamála. Aðrir úrskurðir Landsréttar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála verða ekki kærðir til Hæstaréttar. Málsmeðferð fyrir dómi frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar nema lögreglustjóri ákveði annað.

Um málsmeðferð fyrir dómi fer að öðru leyti eftir XV. kafla og öðrum ákvæðum laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, eftir því sem við á.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

d. (114. gr. d.)

Vistunartími og endurmat ákvörðunar.

Vistun á brottfararstöð skal ekki vara lengur en þörf krefur og má ekki vera lengri en fjórar vikur í senn. Heimilt er þó að vista útlending skv. a-lið 1. mgr. 114. gr. a til lengri tíma en þó eigi lengur en átta vikur í senn ef fyrirséð er að mat á skilyrðum vistunar muni ekki taka breytingum innan fjögurra vikna.

Vistun á brottfararstöð verður ekki framlengd nema til komi ný ákvörðun lögreglu sem skylt er að bera undir dóm skv. 114. gr. c. Vistun skal einungis framlengd ef unnið er að brottflutningi útlendinga af tilhlýðilegri kostgæfni.

Óheimilt er að vista útlending á brottfararstöð lengur en 12 vikur nema líklegt þyki að brottflutningur muni dragast á langinn vegna:

- a. skorts á samvinnu viðkomandi útlendinga eða
- b. tafa við öflun nauðsynlegra gagna frá yfirvöldum annars ríkis.

Vistun skv. g–i-lið 1. mgr. 114. gr. a skal ekki vara lengur en þrjár vikur.

Samanlagður tími vistunar á brottfararstöð skal aldrei vara lengur en 18 mánuði.

Lögregla skal láta útlending lausan jafnskjótt og ástæður til vistunar eru ekki lengur fyrir hendi.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

e. (114. gr. e.)

Sérstakar reglur um vistun barna á brottfararstöð.

Einungis er heimilt að vista barn með fjölskyldu sinni á brottfararstöð skv. a–f-lið 1. mgr. 114. gr. a þegar brýna nauðsyn ber til og sem síðasta úrræði. Aðeins skal beita

a-lið 1. mgr. 114. gr. a í takmarkatilvikum til að staðfesta auðkenni barns. Barn skal eingöngu vistað á brottfararstöð á grundvelli b–f- liðar 1. mgr. 114. gr. a til að tryggja framkvæmd yfirvofandi flutnings.

Lögregla skal tilkynna barnaverndarþjónustu þegar ákvörðun um vistun barns er tekin skv. 1. mgr.

Lögregla skal bera ákvörðun um vistun barns á brottfararstöð undir héraðsdóm til staðfestingar eins fljótt og verða má og eigi síðar en degi eftir birtingu ákvörðunar. Hið sama gildir um ákvörðun um framlengingu vistunar. Barni er ekki skylt að mæta fyrir dóm og gefa skýrslu nema dómari telji þess þörf. Að öðru leyti gilda ákvæði 114. gr. a – 114. gr. d um framkvæmd og málsmeðferð vistunar barna á brottfararstöð.

Það sem er barni fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar um er að ræða vistun þess.

Heimilt er að vista barn á brottfararstöð í allt að þrjá sólarhringa í senn. Þó er heimilt að framlengja ákvörðun um vistun um allt að þrjá sólarhringa þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Með sérstökum ástæðum er fyrst og fremst átt við þegar fjölskylda þess ber ábyrgð á því að flutningur hafi ekki farið fram innan þriggja sólarhringa frá birtingu upphaflegrar ákvörðunar eða þegar dagsetning á framkvæmd liggur fyrir og er fyrirhuguð innan þriggja sólarhringa.

Samanlagður tími vistunar barns á brottfararstöð skal aldrei vara lengur en níu daga.

Óheimilt er að vista fylgdarlaus börn á brottfararstöð.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

f. (114. gr. f.)

Réttur útlendinga sem vistaður er á brottfararstöð til bóta.

Útlendingur sem hefur sætt frelsisskerðingu á rétt til bóta hafi hann verið frelsissviptur og vistaður á brottfararstöð að ósekju. Þó má fella niður bætur eða lækka þær ef útlendingur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Um bætur fer að öðru leyti eftir XXXIX. kafla laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

1. Eftirfarandi breytingar verða á 115. gr. laganna:
 1. a-, c-, d-, e-, g- og h-liður 1. mgr. falla brott.
 2. 3. mgr. fellur brott.
- m. Á eftir 4. tölul. 1. mgr. 120. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Skimun sem útlendingar skulu sæta skv. 19. gr. a, þar á meðal um réttindi og skyldur útlendinga, skráningu og meðferð persónuupplýsinga, eftirlit með grundvallar-mannréttindum þeirra o.fl.
- n. Í stað tilvísunarinnar „2. tölul. 3. gr.“ í ákvæði til bráðabirgða VII í lögnum kemur: 3. tölul. 3. gr.
2. *Lögreglulög, nr. 90/1996*: Ákvæði i-liðar 1. tölul. 5. gr. laganna fellur brott.
3. *Vopnalög, nr. 16/1998*: Á eftir orðinu „fangelsa“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: brottfararstöðvar.
4. *Lög um tóbaksvarnir, nr. 6/2002*: Við 1. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Á brottfararstöð.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Með frumvarpi þessu, sem samið var í dómsmálaráðuneytinu, er lagt til að innleidd verði að fullu tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/115/EB um sameiginlega staðla og málsmeðferð í aðildarríkjunum varðandi endursendingu ríkisborgara þriðju landa sem dvelja þar ólöglega (hér eftir brottvísunartilskipunin). Á grundvelli hennar verði sett lög um vistun útlendinga á brottfararstöð, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Frá því að brottvísunartilskipunin öðlaðist gildi 24. desember 2010 hefur Ísland verið bundið af henni á grundvelli þátttöku í Schengen-samstarfinu. Aðild Íslands að Schengen-samstarfinu byggist á samningi sem undirritaður var í Brussel 18. maí 1999 milli Evrópusambandsins annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna. Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 26. maí 2000. Ákvæði um brottfararstöð er jafnframt að finna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 604/2013 sem nefnist öðru nafni Dyflinnar-reglugerðin.

Árið 2017 gerði fasta eftirlitsnefnd Schengen-samstarfsins úttekt á sviði endursendinga hér á landi. Í kjölfar þeirrar úttektar skilaði nefndin skýrslu sama ár um hvernig íslensk stjórnvöld stæðu að flutningi ríkisborgara þriðju ríkja úr landi, sem dveldu ólöglega í landinu og gætu ekki eða vildu ekki fara af sjálfsdáðum úr landi. Í skýrslunni voru gerðar ýmsar athugasemdir við innleiðingu brottvísunartilskipunarinnar, þ.e. að löggjöf og framkvæmd á Íslandi væri ekki í fullu samræmi við þær reglur sem Schengen-samstarfið gerir kröfu um. Í megindráttum lutu athugasemdirnar að því að íslenskum stjórnvöldum bæri að tryggja brottfararstöð (e. specialised detention facility) fyrir ríkisborgara þriðju ríkja sem dveldu ólöglega hér á landi og biðu brottflutnings.

Í gildandi lagaumhverfi er lögreglu heimilt á grundvelli laga um útlendinga að leggja fyrir útlending að tilkynna sig, afhenda vegabréf eða annað kennivottorð og halda sig á ákveðnu afmörkuðu svæði til að tryggja framkvæmd ákvörðunar um að viðkomandi eigi að yfirgefa landið og þegar mál er til meðferðar sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar. Þá er lögreglu heimilt að handtaka útlending og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt lögum um meðferð sakamála eftir því sem við á. Það sama gildir ef útlendingur gerir ekki það sem nauðsynlegt er til að afla ferðaskilríkja og tilgangurinn er að færa viðkomandi fyrir fulltrúa lands í því skyni að fá útgefin ferðaskilríki. Heimilt er að beita sama þvingunarúrræði þegar tekin er ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar. Hins vegar kemur fram í lögnum að útlending megi hvorki handtaka né úrskurða í gæsluvarðhald ef það feli í sér ósanngjarna ráðstöfun með hliðsjón af eðli máls og atvikum eða ef dómari telji fullnægjandi að viðkomandi sæti þess í stað vægara úrræðis. Þegar útlendingur er úrskurðaður í gæsluvarðhald á þessum grundvelli er viðkomandi jafnan færður í fangelsið á Hólmsheiði.

Í fyrrgreindri skýrslu föstu eftirlitsnefndarinnar frá árinu 2017 komu jafnframt fram athugasemdir vegna þess fyrirkomulags hér á landi að ríkisborgarar þriðju ríkja sem dveldu hér án leyfis væru vistaðir í fangelsi með föngum þrátt fyrir að staða þeirra væri ekki sambærileg stöðu fanga. Brottfararstöð yrði að tryggja fullan aðskilnað þessara einstaklinga og fanga, auk þess yrði þjálfun starfsfólks í tengslum við slíkt úrræði að vera tilhlýðileg. Nefndin áréttaði að samkvæmt brottvísunartilskipuninni skyldi vistun (e. detention) að meginstefnu til fara fram á brottfararstöð. Einungis í algjörum undantekningartilvikum væri heimilt að vista slíka einstaklinga í almennu fangelsi en þá yrði að fullnægja kröfum um fullan aðskilnað þessara einstaklinga og fanga og tryggja þjálfun starfsfólks.

Í kjölfar úttektarskýrslu föstu eftirlitsnefndarinnar skipaði dómsmálaráðherra árið 2018 starfshóp sem falið var að gera tillögur og áætlun vegna brottfararstöðvar. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar frá dómsmálaráðuneytinu, Útlendingastofnun, Fangelismálastofnun, ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranum á Suðurnesjum, lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Í lok árs 2019 hélt dómsmálaráðuneytið vinnustofu með sérfræðingum Evrópuráðsins um efnið þar sem ræddar voru aðrar leiðir til að ná settum markmiðum en með brottfararstöð, auk þess sem fulltrúar frá Írlandi, Lúxemborg og Svíþjóð kynntu sínar brottfararstöðvar og regluverk sem um þau gilda. Tilteknum fulltrúum stjórnvalda var boðið að taka þátt í vinnustofunni. Þá var í upphafi árs 2020 útbúið samantekt á vegum dómsmálaráðuneytisins þar sem fjallað var almennt um alþjóðlegar skuldbindingar íslenskra stjórnvalda hvað þetta varðar, hvernig gildandi lagaumhverfi og framkvæmd væri háttað, hvaða atriða þyrfti að huga að við framkvæmd slíks brottfararúrræðis, svo sem réttarvernd útlendinga á brottfararstöð, og samanburð við önnur Evrópuríki. Vegna mikilla anna hjá stjórnvöldum í upphafi COVID-faraldursins gafst hins vegar ekki svigrúm til að halda þeirri vinnu áfram og skilaði starfshópurinn því ekki formlegum niðurstöðum.

Árið 2022 gerði fasta eftirlitsnefndin úttekt á ný á sviði endursendinga. Í skýrslu nefndarinnar árið 2023, sem var unnin í kjölfar úttektarinnar, áréttaði nefndin fyrri athugasemdir sínar hvað varðar þörf á fyrrnefndum aðskilnaði ríkisborgara þriðju ríkja og fanga. Sem viðbrögð við þeirri skýrslu var ákveðið haustið 2023 að stofna starfshóp innan dómsmálaráðuneytisins til að vinna að frumvarpi til laga um brottfararstöð. Drög að frumvarpi voru birt í Samráðsgátt stjórnvalda 19. janúar 2024, sjá nánar 5. kafla. Mánuði síðar sammæltist ríkisstjórnin um aðgerðir í málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd, flóttafólks og innflytjenda. Markmið þeirra var að stuðla að betri, skilvirkari og skýrari framkvæmd innan málaflokksins og bættri þjónustu til að renna styrkari stoðum undir stjórn útlendingamála. Ein af samþykktum aðgerðum ríkisstjórnarinnar var að komið yrði á búsetuúrræði á öllum stigum málsmeðferðar fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Hinn 15. maí 2024 stofnuðu dómsmálaráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra starfshóp um búsetuúrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd og útlendinga í ólögmætri dvöl til að vinna að greiningu á kostum og göllum ólíkra leiða sem hægt yrði að fara í þeim efnum. Vinnan tók m.a. mið af þá nýsamþykktu reglugerð (ESB) 2024/1356 um innleiðingu skimunar ríkisborgara þriðju landa á ytri landamærunum og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/817 (hér eftir skimunarreglugerðin) sem áætlað er að komi til framkvæmda í júní 2026. Þegar ný ríkisstjórn tók við undir lok árs 2024 var áhersla lögð á að lokið yrði við frumvarp til laga um brottfararstöð, staðið yrði við Schengen-skuldbindingar og skimunarreglugerðin innleidd en hún telst til þróunar á Schengen-regluverkinu og er hluti af verndar- og fólksflutningssamkomulagi Evrópusambandsins sem fjallað er nánar um í 2. kafla. Því er lagt til með frumvarpi þessu að umrædd reglugerð verði einnig innleidd.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Markmiðið með frumvarpi þessu er að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt Schengen-samstarfinu, þ.e. skimunarreglugerðinni og brottvísunartilskipuninni, og bregðast við athugasemdum föstu eftirlitsnefndar Schengen-samstarfsins með því að setja skýrar reglur um hvenær og að hvaða skilyrðum uppfylltum sé heimilt að vista útlendinga á brottfararstöð sem síðasta úrræði þegar ekkert annað úrræði dugar til að tryggja að þeir yfirgefi landið þegar ákvörðun þess efnis hefur verið tekin og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar. Úrræðið er ein af þeim aðgerðum sem miða að því að koma upp svipaðri laga-

umgjörð og framkvæmd í útlendingamálum og tíðkast í nágrannalöndunum, þá sérstaklega annars staðar á Norðurlöndum. Ísland er eina Schengen-ríkið sem rekur ekki brottfararstöð.

Ísland hefur skuldbundið sig með þátttöku í Schengen-samstarfinu til að fylgja samræmdum reglum um eftirlit á ytri landamærum og um frjálst flæði fólks án eftirlits á innri landamærum. Með þeirri þátttöku felst jafnframt skuldbinding um að tryggja að útlendingar sem dveljast ólöglega hér á landi ferðist ekki hindrunarlaust til annarra aðildarríkja þegar þeim ber að yfirgefa Schengen-svæðið. Það sama á við þegar annað aðildarríki hefur samþykkt viðtöku á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Aðildarríkin þurfa að geta treyst á hvert annað og að sömu eða sambærilegar reglur og framkvæmd gildi í öllum aðildarríkjum um þau mál sem ríkin hafa sameinast um.

Á grundvelli brottvísunartilskipunarinnar þurfa aðildarríki að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja ákvörðun um endursendingu, sbr. 1. mgr. 8. gr. hennar. Vistun útlendinga á brottfararstöð, í þeim tilgangi að flytja viðkomandi af landi brott, snertir grundvallarmannréttindi þeirra og er því háð ströngum takmörkunum. Því er mælt fyrir um í 1. mgr. 15. gr. brottvísunartilskipunarinnar að henni sé aðeins beitt sem síðasta úrræði, þ.e. þegar ekkert annað úrræði dugar til að framfylgja ákvörðun sem felur í sér að viðkomandi skuli yfirgefa Schengen-svæðið og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar. Vistun á brottfararstöð er því aðeins fyrir hendi í þeim aðstæðum þar sem ljóst er að það er eina leiðin til að tryggja að hægt sé að undirbúa brottför og flytja viðkomandi úr landi.

Öll ríki Schengen-samstarfsins glíma við þann vanda að sumir einstaklingar sýna enga samvinnu við yfirvöld um brottför þeirra aftur til heimaríkis eða þess ríkis sem þeir koma frá, auk þess sem einstaklingar láta sig hverfa því að þeir setta sig ekki við þá ákvörðun stjórnvalda að þeim beri að yfirgefa landið. Vegna þessa er nauðsynlegt að í lögum ríkjanna sé mælt fyrir um úrræði sem geri ríkjum kleift að framfylgja skuldbindingum sínum samkvæmt brottvísunartilskipuninni. Úrræði af þeim meiði getur t.d. verið haldlagning skilríkja, tilkynningarskylda eða krafa um að útlendingur haldi sig á tilteknum stað eða svæði. Mælt er fyrir um þessar heimildir hér á landi í 105. gr., 109. gr. og 114. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016. Það hefur þó sýnt sig að ákvæðin eru ekki í öllum tilvikum fullnægjandi til að tryggja að viðkomandi láti sig ekki hverfa innan lands og fari jafnvel af landi brott þar sem landamæraeftirlit er almennt ekki á innri landamærum. Af þessum ástæðum er í brottvísunartilskipuninni gert ráð fyrir úrræði sem felur í sér frekari takmarkanir gagnvart einstaklingum þegar ljóst er að ekkert annað úrræði dugar til.

Líkt og greinir í 1. kafla er í lögum um útlendinga, nánar tiltekið í 115. gr., heimild til að handtaka útlendinga og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt lögum um meðferð sakamála, m.a. til að tryggja framkvæmd ákvörðunar um að útlendingur skuli yfirgefa landið og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar. Sú heimild hefur hins vegar ekki verið talin fullnægjandi enda ekki forsvaranlegt að vista útlendinga í þessari stöðu í fangelsi. Þessir einstaklingar hafa oft ekki unnið sér annað til saka en vera hér á landi í ólögumætri dvöl og því ætti ekki að vista þá í fangelsi. Taka þarf tillit til sérþarfa þessara einstaklinga, tryggja þeim viðeigandi vistarverur sem og þjónustu sem tekur mið af þeirra þörfum á meðan beðið er eftir að frávísunar- eða brottvísunarferli ljúki eða mál sem getur leitt til slíkrar niðurstöðu er til meðferðar. Fangelsisvist fyrir brottför þessara einstaklinga úr landi er ekki viðunandi.

Með frumvarpinu er brugðist við athugasemdum föstu eftirlitsnefndarinnar á vegum Schengen-samstarfsins sem hefur tvívegis gert athugasemdir við það fyrirkomulag hér á landi að útlendingar í fyrrnefndri stöðu séu vistaðir í fangelsi með föngum, sbr. nánari umfjöllun í

1. kafla. Lutu athugasemdir hennar m.a. að því að íslenskum stjórnvöldum bæri að tryggja brottfararstöð fyrir einstaklinga í þessari stöðu.

Þegar einstaklingum er synjað um dvöl hér á landi ber þeim að yfirgefa landið. Almennt fá allir tækifæri til að fara sjálfviljugir úr landi að undanskildum þeim sem hafa fengið synjun á umsókn sinni á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Íslandi sem Schengen-ríki er í þeim tilvikum skylt að tryggja brottflutning einstaklings til þess ríkis sem ber ábyrgð á móttöku og afgreiðslu umsóknar einstaklingsins um vernd. Þegar útlendingar í umræddri stöðu vilja ekki fara af landi brott og frestur til slíkrar heimfarar rennur út tekur embætti ríkislögreglustjóra, þ.e. heimferða- og fylgdadeild, yfir málið og skipuleggur brottflutning. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra 4. september 2025 höfðu 181 einstaklingur látið sig hverfa eða komið í veg fyrir fylgd úr landi með öðrum hætti frá janúar 2023 til lok ágúst 2025. Þar af voru 19 fjölskyldur, þ.e. fullorðinn/fullorðnir með barn/börn. Jafnframt voru 164 verkbeiðnir skráðar hjá heimferða- og fylgdadeild ríkislögreglustjóra frá árinu 2018 sem eru óframkvæmanlegar því að þeir einstaklingar sem um ræðir hafa ekki fundist þegar flytja átti þá af landi brott, þ.e. þeir hafa ekki verið á uppgefnum dvalarstað og ekki látið ná í sig eftir öðrum leiðum. Þá eru ótalin mál þar sem einstaklingar/fjölskyldur hafa ekki fundist fyrir brottflutning en síðan gefið sig fram þegar frestur til flutnings var liðinn. Samkvæmt upplýsingum frá heimferða- og fylgdadeild ríkislögreglustjóra hafa einkum verið áskoranir varðandi flutning fjölskyldna úr landi en oftast hefur einhver úr fjölskyldunni ekki verið á staðnum þegar til flutnings kom, t.d. eitt af börnum eða annað foreldri eða öll fjölskyldan farin. Í slíkum tilvikum hefur brottflutningur almennt ekki farið fram.

Þvingaðir flutningar einstaklinga úr landi eru flóknir, taka talsverðan tíma í undirbúningi, eru kostnaðarsamir og krefjast mikils mannafla. Tryggja þarf ákveðinn fjölda lögreglumanna fyrir brottflutning að undangengnu hættumati auk þess sem afla þarf samþykkis flugfélaga, flugstjóra, lögreglu á millilendingarflugvöllum og lögreglu og/eða stjórnvalda í því ríki sem flytja á viðkomandi til, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þá þarf að tryggja flug fyrir flutninginn, en það getur reynst tímafrekt og krafist mikilla samskipta við flugfélög því að oft eru svokallaðir kvótar í flug þannig að aðeins er í boði að flytja einn einstakling í hverju flugi. Það liggur því fyrir að mikill tími og vinna fer forgörðum við þennan undirbúning hjá lögreglunni, svo ekki sé minnst á fjármuni sem glatast þegar ekki verður af flutningi sem undirbúinn hefur verið, vegna þess að viðkomandi aðilar sinna ekki fyrirmælum um að vera á tilteknum stað þegar að brottflutningi kemur. Eins og fyrr greinir hafa einkum verið áskoranir varðandi flutning fjölskyldna með börn sem er sérstaklega óheppilegt í ljósi þess að undirbúningur brottflutnings fjölskyldna er enn umfangsmeiri en annarra þar sem um er að ræða viðkvæma einstaklinga og fjölmennari fylgd.

Í gildandi lögum er ekki heimild til að vista börn í fyrrnefndum tilgangi. Í ljósi áskorunar heimferða- og fylgdadeildar við flutning fjölskyldna með börn úr landi þykir einnig þörf á að mæla fyrir um heimild til vistunar barna í framangreindum tilgangi, en þó að uppfylltum strangari skilyrðum og í mun skemmri tíma en fullorðna einstaklinga. Slík ráðstöfun kemur ekki til nema af brýnni nauðsyn og ætti vistun á brottfararstöð að vera allra síðasta úrræðið. Þrátt fyrir að teljast mjög þýngjandi fyrir þá sem í hlut eiga verður að telja það úrræði að vista barnafjölskyldur á brottfararstöð vera mun vægari ráðstöfun en þau úrræði sem fær eru á grundvelli núgildandi laga. Reyndin er sú að í vissum tilvikum hefur eina haldbæra úrræði yfirvalda til að tryggja framkvæmd ákvörðunar um þvingaðan brottflutning barnafjölskyldu verið að ráðstafa barni í tímabundið fóstur hjá barnaverndaryfirvöldum samhliða því að forráðamaður barns sé úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Með frumvarpinu er einnig verið að innleiða fyrirnefnda skimunarreglugerð sem er hluti af verndar- og fólksflutningssamkomulagi Evrópusambandsins. Í maí 2024 samþykkti Evrópusambandið nýtt regluverk um meðferð mála umsækjenda um alþjóðlega vernd, þar á meðal regluverk sem leysir Dyflinnarreglugerðina af hólmi og mælir fyrir um nýjar málsmeðferðarreglur og tímafresti, regluverk um skimun ríkisborgara þriðju ríkja sem hafa ekki heimild til dvalar á Schengen-svæðinu, breytingar á landamærareglum (e. Schengen Borders Code) og endurskoðun á regluverkinu um evrópskan fingrafaragrunn (Eurodac). Regluverkið var sett sem hluti af markmiðum Evrópusambandsins, sem er að styrkja ytri landamæri Schengen-svæðisins, samhæfa aðgerðir og nánara samstarf lögreglufirvalda og efla sameiginlega ábyrgð og eftirfylgni aðildarríkja og samstarfsríkja Schengen. Umrædd skimunarreglugerð kveður á um verklag til að skima ríkisborgara þriðju ríkja á ytri landamærum Schengen-svæðisins, m.a. gera auðkennis- og bakgrunnsathuganir, bráðabirgðamat á heilsu sem og að kanna hvort viðkomandi sé í viðkvæmri stöðu. Slíkar ráðstafanir fara fram hér á landi til samræmis við ákvæði laga um útlendinga þegar um er að ræða umsækjendur um alþjóðlega vernd. Í skimunarreglugerðinni er hins vegar gerð krafa um að þessar ráðstafanir taki einnig til ríkisborgara þriðju ríkja sem koma ólöglega til landsins um ytri landamæri og sækja ekki um alþjóðlega vernd, koma til lands eftir leitar- eða björgunaraðgerðir og til þeirra sem dvelja ólöglega í landinu ef engin vísbending er um að þeir hafi verið skimaðir á ytri landamærum. Þá er gerð krafa samkvæmt reglugerðinni um að skimun á ytri landamærum sé lokið innan sjö daga og að stjórnvöld tryggja að útlendingar séu til staðar í skimunarferlinu. Það þýðir að stjórnvöld geta beitt ákveðnu úrræði í þessu skyni, svo sem skyldað útlending til að dvelja á tilteknum stað eða vistað útlending á brottfararstöð sem lokaúrræði þegar vægara úrræði er ekki talið fullnægjandi. Þannig verður að búa svo um hnútana að fyrir hendi sé úrræði við móttöku útlendinga þegar þeir koma hingað til lands og við brottför ef þörf krefur. Fyrir hvert mál sem er til meðferðar hjá útlendinga- eða lögreglufirvöldum og getur leitt til frávísunar eða brottvísunar þarf að tryggja brottfararstöð þó með þeim fyrirvara að ekkert vægara úrræði sé talið duga til að tryggja að viðkomandi sé viðstaddur í málsmeðferðinni.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er kveðið á um brottfararstöð, um þær meginreglur sem gilda um vistun útlendinga þar og um réttindi þeirra og skyldur. Ákveðið var að setja heildarlöggjöf um brottfararstöð en mæla fyrir um skilyrði fyrir vistun útlendinga á brottfararstöð og vistunartíma í XIII. kafla laga um útlendinga, nr. 80/2016, þar sem kveðið er á um þvingunar- og rannsóknarúrræði. Ákvæði frumvarpsins eru í grunninn byggð á IV. kafla brottvísunartilskipunarinnar sem kveður á um vistun útlendinga á brottfararstöð. Við vinnslu frumvarpsins var einnig að miklu leyti litið til norskrar framkvæmdar um sama málefni þar sem ákveðið var að miða við sambærileg skilyrði fyrir vistun og tímafresti. Með frumvarpinu er ætlunin að tryggja alþjóðlegar skuldbindingar og setja skýrar og gagnsæjar reglur um framangreint. Reglugerðarheimildir verða settar þar sem ákvæði laga þessara verða nánar útfærð og skýrð.

Frumvarpið skiptist í eftirfarandi kafla:

- I. Almenn ákvæði.
- II. Brottfararstöð.
- III. Valdbeitingarheimildir, leit, agabrot, agaviðurlög o.fl.
- IV. Reglugerðir, gildistaka o.fl.

Í I. kafla eru ákvæði um gildissvið, orðskýringar, ábyrgð á rekstri brottfararstöðvar, bæði almennt sem og á daglegum rekstri, um starfsfólk, réttindi þess og skyldur. Mælt er fyrir um

að lögreglustjórinn á Suðurnesjum beri ábyrgð á rekstri brottfararstöðvar. Gert er ráð fyrir að brottfararstöð samkvæmt frumvarpi þessu verði komið upp nærri stærstu landamærastöð Íslands, þ.e. á Suðurnesjum. Einnig stendur til að flytja móttökumiðstöð skv. 27. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016 á Suðurnesin og að lögreglustjórinn á Suðurnesjum verði með starfseiningu þar. Þá verður lögregluembættinu falin ábyrgð á framkvæmd ákvarðana um brottvísun og frávísun. Í þessu tilliti er lagt til í 22. gr. frumvarpsins að i-liður 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 falli brott sem kveður á um hlutverk ríkislögreglustjóra til að reka heimaferða- og fylgdadeild sem annast m.a. framangreint. Leiða má líkur að því að staðsetning þessara þriggja eininga við landamærin og að brottfararstöð og heimferða- og fylgdadeild heyri undir sama lögregluembætti muni auka hagræði og skilvirkni.

Gert er ráð fyrir að lögreglustjórinn á Suðurnesjum skipi fangaverði sem starfi á brottfararstöð. Fangaverðir eru embættismenn sem eru skipaðir til starfans og hafa lokið tilteknu námi til að gæta frelsissviptra einstaklinga auk þess sem þeir hafa valdbeitingarheimildir. Þó að frelsissviping á slíkri stöð sé ekki tilkomin vegna gruns um refsiverða háttsemi og einstaklingar því ekki fangar í skilningi refsilaga er um að ræða frelsissvipingu og því mikilvægt að tryggja sem best öryggi vistmanna og gæslu þeirra. Það er talið best úr garði gert með starfsmönnum sem hafa þá þekkingu, menntun og reynslu sem fangaverðir búa yfir. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að á brottfararstöð starfi eingöngu fangaverðir heldur einnig annað fagfólk sem hafi sérþekkingu á aðstæðum þeirra sem þar eru vistaðir ásamt einhverri viðveru annars starfsfólks eins og heilbrigðisstarfsfólks. Loks er gert ráð fyrir því að með börnum sem vistuð eru á brottfararstöð muni starfa starfsfólk með sérþekkingu á aðstæðum og hagsmunum barna. Gert er að skilyrði að allt starfsfólk sem starfi með vistmönnum á brottfararstöð hljóti viðeigandi þjálfun til starfsins sem taki mið af þeim fjölbreytta hóp einstaklinga sem þar kunna að vera vistaðir. Í framkvæmd er þannig gert ráð fyrir að á brottfararstöð starfi saman fangaverðir og annað starfsfólk sem býr yfir þekkingu og færni til að tryggja öryggi og velferð vistmanna. Ekki er gert ráð fyrir að starfsfólk beri einkennisfatnað þar sem fjölskyldur með börn verða vistuð, þar sem leggja skal áherslu á að skapa eins hlýlegt umhverfi og unnt er.

Í II. kafla er kveðið á um reglur sem gilda um vistun á brottfararstöð. Þar er vísað til þess að heimilt sé að vista útlending til samræmis við ákvæði laga um útlendinga sbr. nánari umfjöllun hér á eftir um þær breytingar sem lagðar eru til á þeim lögum. Í II. kafla er jafnframt mælt fyrir um heimildir lögreglustjórans á Suðurnesjum til að ákvarða hvar skuli vista útlending, reglur er gilda um upphaf vistunar, um skráningu persónuupplýsinga við komu á brottfararstöð, um aðkomu heilbrigðisstarfsfólks og heilbrigðisþjónustu, um leiðbeininga-skyldu stjórnvalda, réttindi og skyldur útlendinga á brottfararstöð, vistarverur o.fl. Þar má einnig finna ákvæði sem heimilar að vikið sé frá tilteknum aðstæðum á brottfararstöð í neyðartilvikum, sbr. 11. gr. Um er að ræða algjöra neyðarráðstöfun en ákvæðið er innleiðing á 18. gr. brottvísunartilskipunarinnar.

Í III. kafla er mælt fyrir um valdbeitingarheimildir starfsfólks. Þar má einnig finna reglur er varða leit, líkamsleit, agabrot, agaviðurlög, kæruheimild o.fl. Lög um fullnustu refsinga voru höfð til hliðsjónar við samningu ákvæðanna þar sem tryggja þarf öryggi á vistunarstað líkt og í fangelsum. Hins vegar var tekið tillit til þess að grundvallarmunur er á þeim einstaklingum sem eru vistaðir á brottfararstöð og þeim sem fullnusta refsingu í fangelsi. Frelssissviping á brottfararstöð er annars eðlis en fullnusta refsinga og endurspeglast sá munur í ýmsum ákvæðum frumvarpsins Til að mynda er ekki kveðið sérstaklega á um heimild lögreglustjórans á Suðurnesjum til að taka ákvörðun um líkamsrannsókn líkt og gert er í lögum um fullnustu refsinga. Þá var ákvæðið að einangrun yrði ekki beitt sem agaviðurlögum og að

ekki yrði heimilt að beita börn agaviðurlögum á brottfararstöð. Jafnframt er gengið út frá að starfsfólk brottfararstöðvar hljóti sérstaka og viðeigandi þjálfun til að starfa með þeim einstaklingum sem þar verða vistaðir, líkt og komið var inn á hér að framan. Gerð er krafa um að þjónusta og aðbúnaður taki mið af stöðu hvers og eins og að vistarverur einstaklinga verði með opnum sameiginlegum rýmum og að fjölskyldur fái vistarverur sem tryggji friðhelgi þeirra. Vistunin er jafnframt aðeins í þeim tilgangi sem kveðið er á um í nýju ákvæði 114. gr. a frumvarpsins. Vistun útlendinga á brottfararstöð eins og lagt er til með frumvarpi þessu er vægari ráðstöfun en núverandi framkvæmd.

Í IV. kafla eru lagðar til reglugerðarheimildir ráðherra. Þar er einnig kveðið á um gildistöku. Lagt er til að lögin taki gildi [XXXX] en sú dagsetning tekur mið af því að frumvarpið verði samþykkt fyrir áramót 2025, enda fyrirséð að ákveðið svigrúm þarf til að undirbúa starfsemi brottfararstöðvar. Lagt er til að tiltekin ákvæði sem eru sett til innleiðingar á skimunarreglugerðinni taki gildi 12. júní 2026 en þann dag kemur reglugerðin til framkvæmda skv. 2. mgr. 25. gr. gerðarinnar.

Vegna nýrra ákvæða um brottfararstöð eru lagðar til ákveðnar breytingar á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, vopnalögum, nr. 16/1998, lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002 og lögreglulögum nr. 90/1996.

Lagt er til að sex nýjum ákvæðum verði bætt við XIII. kafla laga um útlendinga, 114. gr. a – 114. gr. f, þar sem mælt er fyrir um skilyrði fyrir vistun á brottfararstöð. Í XIII. kafla laga um útlendinga er kveðið á um þvingunarúrræði eins og um skyldu útlendingis til að tilkynna sig eða dveljast á ákveðnum stað og heimildir til handtöku og gæsluvarðhalds. Rétt þótti því að mæla fyrir um skilyrði fyrir vistun á brottfararstöð í sama kafla en kveða nánar á um reglur sem gilda þar um, svo sem um vistunina sjálfa og um réttindi og skyldur vistmanna í frumvarpi þessu. Samhliða eru gerðar m.a. breytingar á gæsluvarðhaldsheimildum í 105. og 115. gr. laga um útlendinga þar sem mælt er fyrir um breytingar á framkvæmd sem felast í að útlendingar verði vistaðir á brottfararstöð til að tryggja að þeir séu til staðar við framkvæmd ákvörðunar um að þeir skuli yfirgefa landið og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar hjá stjórnvöldum. Með því verði horfið frá gildandi framkvæmd um vistun útlendinga í fangelsi í þessum tilgangi. Úrræðið á eingöngu að nota þegar ljóst er að aðrar leiðir munu ekki skila árangri og þá skal vista útlending í eins skamman tíma og mögulegt er, almennt ekki lengur en allt að fjórar vikur í senn. Eigi að vista einstakling lengur en 12 vikur þurfa sérstakar ástæður að vera til staðar. Krafa er lögð á stjórnvöld að vinna eins hratt og mögulegt er í máli viðkomandi svo að vistunartími verði sem stystur. Einstaklingsbundið mat þarf ætíð að fara fram í hverju máli fyrir sig áður en lögregla tekur ákvörðun um vistun útlendingis og slíka ákvörðun þarf að bera undir dómstóla til staðfestingar innan ákveðinna tímamarka. Óheimilt er að taka ákvörðun um vistun útlendingis á brottfararstöð ef það felur í sér ósanngjarna ráðstöfun með hliðsjón af eðli máls og atvikum að öðru leyti. Kveðið er á um málsmæðferðarreglur, reglur um vistunartíma, skilyrði til að framlengja vistun, um bætur ef útlendingur er vistaður á brottfararstöð að ósekju o.fl. í fyrirnefndum ákvæðum.

Með breytingunum er jafnframt lagt til að sérreglur gildi um börn og vistun þeirra á brottfararstöð. Almennt er ekki forsvaranlegt að skilja börn frá foreldrum sínum eða umsjónarmanni og því talið að það þjóni betur hagsmunum þeirra að þau fylgi þeim og verði vistuð með þeim sé slík ákvörðun tekin. Mat í tengslum við vistunina er þó einstaklingsbundið og sett eru þrengri skilyrði fyrir vistun barna en almennt gildir um vistun lögráða einstaklinga. Brýn nauðsyn þarf að vera fyrir vistuninni og hún skal vera síðasta úrræði sem beitt er og í afar skamman tíma, aldrei lengur en níu daga. Sérstakt hagsmunamat þarf að fara fram þegar ákvörðun er tekin um vistun barns, þar sem tekið er mið af aldri, þroska, líkamlegri og andlegri

heilsu barnsins. Skemmri tímafrestir eru fyrir lögreglu til að bera mál barns undir dómstóla en þegar um lögráða einstaklinga er að ræða og líkt og á við um lögráða einstaklinga þarf ákvörðun um áframhaldandi vistun ávallt að vera borin undir dómstóla til staðfestingar á lögmæti hennar. Framlenging á vistun er háð sérstökum skilyrðum. Gert er ráð fyrir að barnaverndarnefnd sé tilkynnt um börn sem verða vistuð á brottfararstöð og er það að norskri fyrirmynd. Öll þjónusta við börn þarf að taka mið af aðstæðum þeirra og þörfum og skal sérþálfað starfsfólk starfa með þeim. Börn skulu eiga rétt á sérstökum vistarverum þar sem friðhelgi þeirra og fjölskyldu er virt og þau skulu eiga rétt á að sinna frístundastarfi og hafa aðgang að barnvænu og öruggu leik- og útivistarsvæði. Þá eru ýmis ákvæði í frumvarpinu sem tryggja réttindi barnsins við málsmeðferð þess bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, svo sem heimild til að heyja dómþing í sérútbúnu barnvænu rými eða húsnæði. Óheimilt verður að vista fylgdarlaus börn á brottfararstöð.

Að lokum eru lagðar til breytingar á lögum um útlendinga til að innleiða skimunarreglugerðina. Í frumvarpinu eru því lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum svo að innleiðing teljist fullnægjandi. Lagt er til að nýtt ákvæði komi á eftir 19. gr. laganna, þ.e. 19. gr. a, þar sem mælt er fyrir um að þær ráðstafanir sem þegar er gripið til gagnvart umsækjendum um alþjóðlega vernd samkvæmt lögum um útlendinga, svo sem auðkennisathugun, heilbrigðisskoðun, skoðun á því hvort viðkomandi teljist í sérstaklega viðkvæmri stöðu og bakgrunnsskoðun, eigi líka við um ríkisborgara þriðju ríkja sem koma ólöglega til landsins um ytri landamæri og sækja ekki um alþjóðlega vernd, um þá sem koma til landsins eftir leitar- og björgunaraðgerðir og þá sem dvelja ólöglega í landinu og hafa ekki sætt skimun áður, hvorki hér á landi né í öðru Schengen-ríki. Með frumvarpi þessu er ráðherra veitt heimild til að kveða nánar á um framangreint í reglugerð og þannig verði gerðin innleidd að fullu. Umræddar breytingar eiga ekki að taka gildi fyrr en í júní 2026 en þá kemur skimunarreglugerðin til framkvæmda og er gert ráð fyrir því í gildistökuákvæði frumvarpsins.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um útlendinga sem snúa m.a. að skilyrðum gæsluvarðhalds. Samkvæmt gildandi lögum er að finna heimild til að úrskurða útlendinga í gæsluvarðhald að tilgreindum skilyrðum uppfylltum og um meðferð slíkra mála gilda ákvæði laga um meðferð sakamála. Einstaklingar hafa svo í framhaldinu verið vistaðir í fangelsum, aðallega í fangelsinu á Hólmsheiði. Fangelsið er gæsluvarðhalds- og móttöku-fangelsi með deild fyrir kvenfanga og aðstöðu fyrir afplánun þeirra sem hljóta styttri fangelsisrefsingu eða vararefsingu. Fangar eru því vistaðir þar meðan á meðferð sakamáls stendur eða til að afplána refsidóma. Svo sem að framan er rakið er staða útlendings ekki sambærileg stöðu þeirra sem frelsissviptir eru vegna sakamáls og því rétt að tryggja fullan aðskilnað þeirra frá föngum. Er til þess að líta í fyrsta lagi að frelsissvipting einstaklinga samkvæmt frumvarpi þessu er ekki í réttarvörsluskyni vegna gruns um refsiverða háttsemi heldur almennt í því skyni að tryggja að þeir séu til staðar við framkvæmd ákvörðunar um að þeir skuli yfirgefa landið og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar hjá stjórnvöldum. Vistun á brottfararstöð á því aldrei að vera á grundvelli mögulegra brota og sakamáls heldur í framangreindum tilgangi. Í annan stað er til þess að líta að samkvæmt frumvarpi þessu verður aðstaða og aðbúnaður brottfararstöðvar ekki sá sami og í fangelsum þótt um sé að ræða frelsissviptingu í báðum tilvikum. Þá er í stjórnarskránni gerður greinarmunur á réttarstöðu þeirra sem eru frelsissviptir vegna gruns um refsivert brot og þeirra sem eru frelsissviptir af öðrum ástæðum, sbr. umfjöllun hér síðar. Loks er gert ráð fyrir að

unnt sé að vista börn ásamt fjölskyldum þeirra eða aðstandendum, sem undirstrikar mikilvægi þess að aðskilja útlendinga og fanga.

Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum, sbr. 1. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, og hver sá sem sviptur er frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður frelssviptingarinnar, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að einstaklingi verði kynnt skrifleg ákvörðun lögreglu um frelssviptingu hans og vistun á brottfararstöð og röksemdir fyrir vistuninni á tungumáli sem hann skilur. Er tekið fram að réttaráhrif ákvörðunarinnar miðist við birtingu ákvörðunarinnar og því fái viðkomandi strax að vita um ástæður frelssviptingarinnar, sbr. áskilnað samkvæmt stjórnarskrá þar um. Ef nauðsyn ber til er lögreglu heimilt að beita valdi við framkvæmd ákvörðunar skv. 14. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, og handtaka einstakling skv. 16. gr. sömu laga. Handtaka er aldrei réttlætanleg sé unnt að grípa til vægari ráðstafana, sbr. meðalhófsreglu 2. málsl. 14. gr. lögreglulaga.

Eins og að framan greinir er í stjórnarskránni gerður greinarmunur á réttarstöðu þess sem frelssviptur er vegna gruns um refsiverða háttsemi, sbr. 3. mgr. 67. gr., og þess sem er frelssviptur af öðrum ástæðum, sbr. 4. mgr. 67. gr. Í athugasemdum við 5. gr. frumvarps þess sem varð að stjórnskipunarlögum, nr. 97/1995, segir:

Ákvæði 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins eru nýmæli sem snúa sérstaklega að aðstöðu þar sem maður er sviptur frelsi af öðrum ástæðum en með handtöku vegna gruns um refsiverða háttsemi. Undir þetta geta t.d. átt tilvik þar sem frelssvipting er studd við heimild í lögræðis-lögum, nr. 68/1984. Á reglunum um stöðu manns sem er handtekinn og ákvæði 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins eiga að ná til og þess sem hefur verið sviptur frelsi í tilviki sem á undir 4. mgr. er einna helst sá munur að í fyrrnefnda tilvikinu er fortakslaus skylda að leiða alltaf mann fyrir dómara ef hann er ekki látinn laus í kjölfar handtöku. Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins gildir þetta á hinn bóginn ekki um stöðu þess sem er sviptur frelsi af öðrum ástæðum, heldur er ráðgert að hann skuli alltaf eiga kost á að bera lögmæti frelssviptingarinnar undir dómstóla ef hann óskar eftir því. Ástæðan fyrir þessum mun er einkum sú að í tilvikum sem falla undir 4. mgr. er frelssvipting að öðru jöfnu reist á stjórnsýsluákvörðun sem fer eftir reglum um málsmeðferð í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993. Aðgangur að dómara í þeim tilvikum þjónar því einkum tilgangi málskots til endurskoðunar á stjórnvaldsákvörðun. Vert er að benda á að reglan í 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins getur falið í sér sjálfstæðan rétt til að fá máli um frelssviptingu skotið til dómstóla þótt ekki sé kveðið á um slíkan rétt í sérlægum sem geyma heimild til frelssviptingarinnar. Þá er ástæða til að vekja athygli á að í 4. mgr. 5. gr. er ekki mælt fyrir um að frelssviptur maður eigi rétt á að fá úrlausn dómstóls um mál sitt innan ákveðinna tímamarka, heldur er sagt að þetta verði að gerast svo fljótt sem verða má. Þessi orð getur þurft að skýra með hliðsjón af eðli frelssviptingar hverju sinni, en ætla má að kröfur yrðu að öðru jöfnu gerðar til þess að ekki yrði farið í þessum efnum fram úr viðmiðunarmörkunum skv. 3. mgr. 5. gr. sem rædd voru að framan nema viðhlítandi ástæður þættu réttlæta það. Um 4. mgr. 5. gr. má að endingu vekja athygli á að í síðari málslið ákvæðisins er ráðgert að maður skuli látinn laus ef dómstóll kemst að þeirri niðurstöðu að frelssvipting sé ólögmæt og bæri að fylgja slíkri ákvörðun þegar í stað.

Til samræmis við framangreint er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að lögregla beri ákvörðun um vistun á brottfararstöð undir dómara til staðfestingar alla jafna innan tímamarka sem hafa helgast af langvarandi venju, þ.e. innan sólarhrings og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að ákvörðun var birt útlendingi. Ríkari kröfur eru gerðar til framkvæmdar ákvörðunar en lágmarksréttindi stjórnarskrárinnar kveða á um. Aðkoma dómstóla verður því ekki háð því að einstaklingur óski eftir að bera ákvörðunina undir dóm heldur verður það fortakslaus skylda lögreglu að bera lögmæti ákvörðunar um vistun einstaklings á brottfararstöð undir héraðsdóm

til staðfestingar. Breytir þá engu þótt viðkomandi samþykki ákvörðun lögreglu. Þá er fortakslaus skylda að lögregla láti einstakling lausan jafnskjótt og ástæður til vistunar eru ekki lengur fyrir hendi. Þar að auki má aldrei vista einstakling lengur en þörf krefur og gilda tilteknar reglur um vistunartíma og endurmat ákvörðunar skv. 22. gr. frumvarpsins.

Eins og fram hefur komið er ákvörðun um vistun á brottfararstöð ávallt síðasta úrræðið sem unnt er að grípa til þegar kemur að framkvæmd frávísana og brottvísana. Regla þessi er byggð á 12. gr. stjórnarsýslulaga, en ákvæðið byggist á hinni óskráðu grundvallarreglu um meðalhóf. Af dómaframkvæmd má ráða að hin óskráða regla gildi einnig á sviði stjórnskipunarréttar. Reglan hefur gilt lengi og ekki síst um valdbeitingu lögreglu. Meginsjónarmiðin að baki reglunni eru þau að stjórnvaldi sé ekki aðeins skylt að líta til þess markmiðs sem stefnt er að með ákvörðun heldur beri einnig að taka tillit til hagsmuna og réttinda þeirra sem athafnir stjórnvaldsins og valdbeitingu beinist gegn. Ber stjórnvaldi að fara ákveðinn meðalveg á milli þessara andstæðu sjónarmiða.

Sökum þess hve mikið inngríp getur falist í vistun á brottfararstöð verður henni einungis beitt sem síðasta úrræði þegar fullnægjandi mat hefur farið fram um að vægari úrræði muni ekki skila árangri. Ekki þarf að sýna fram á að vægari úrræði hafi verið fullreynt til að úrskurða megí einstakling í vistun. Það telst fullnægjandi að mat hafi farið fram um að ekkert vægari úrræði dugi til. Dómsstólar hafa mótað þá reglu samkvæmt gildandi lögum með áralangri dómaframkvæmd og ekki er ætlunin með frumvarpi þessu að hrófla við því mati. Réttaráhrif ákvörðunar lögreglu taka mið af birtingu ákvörðunar og marka upphaf frelsissviptingarinnar. Lögreglu ber við það tímamark að kynna viðkomandi réttarstöðu sína með skriflegri ákvörðun eins og áður greinir.

Ákvæði 4. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar um frelsissviptingu tekur jafnt til barna og fullorðinna. Skv. b-lið 37. gr. barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013, er gert ráð fyrir að börn geti sætt frelsissviptingu að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Frelsissviptingin má hvorki vera ólögleg né gerræðisleg, og skal einungis beita sem síðasta úrræði og í skemmsta tíma sem við getur átt. Þá skal skv. 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar börnum tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Stjórnarskrárákvæðið sækir m.a. fyrirmynd í 3. gr. barnasáttmálans eins og tiltekið er í greinargerð með frumvarpi því er varð að stjórnskipunarlögum, nr. 97/1995.

Frumvarp þetta uppfyllir framangreind skilyrði. Er fyrst til þess að líta að sett eru þrengri skilyrði fyrir vistun barna á brottfararstöð en almennt gildir um vistun lögráða einstaklinga. Brýn nauðsyn þarf að vera fyrir vistuninni og hún skal vera síðasta úrræði sem beitt er. Þá skal það sem er barni fyrir bestu ávallt hafa forgang við ákvörðun um hvort vistun skuli beitt og er því um einstaklingsbundna nálgun að ræða. Fortakslaus skylda er lögð á lögreglu að tilkynna barnaverndarþjónustu þegar ákvörðun um vistun barns er tekin og því tryggt að barnaverndaryfirvöld geti haft aðkomu að máli telji þau ástæðu til, sbr. 20. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Þá er til samræmis við ákvæði 13. gr. barnasáttmálans, sbr. 46. gr. barnaverndarlaga til hliðsjónar, tryggður réttur barns til að tjá sig og skal tekið tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016. Lögreglu er veittur styttri frestur til að bera mál barns undir dómsstóla heldur en lögráða einstaklinga sem felur í sér aukna réttarvernd fyrir börn í þessari stöðu. Dómari getur ákveðið að heyja dómþing á öðrum stað en föstum þingstöðum ef það þykir heppilegra ef taka á skýrslu af útlendingi þar sem hann er staddur, sbr. 9. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, en brottfararstöð getur fallið þar undir enda tilvik ekki tæmandi talin. Þá er unnt að taka skýrslu af börnum yngri en 15 ára í þar til gerðu húsnæði, sem og einstaklingum með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun á grundvelli sömu heimildar. Einnig er unnt að

taka skýrslu af einstaklingi, þ.m.t. börnum, í gegnum síma eða annað fjarskiptatæki á grundvelli 4. mgr. 116. gr. laga um meðferð sakamála, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þá er gert ráð fyrir að vistun barna sé til mjög skamms tíma og barn yrði aldrei vistað aleitt. Fjölskyldum skulu tryggðar vistarverur aðskildar frá öðrum til verndar friðhelgi þeirra og til að uppfylla áskilnað skv. 9. gr. og b-lið 37. gr. barnasáttmálans um að aðildarríki skuli tryggja að börn séu ekki aðskilin frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra nema samkvæmt tilgreindum undanþágum og að mannúðlega sé komið fram við hvert barn sem svipt er frelsi sínu, sbr. og 3. gr. mannréttindasáttamála Evrópu. Í frumvarpinu er börnum tryggður réttur til barnvæns umhverfis og gert ráð fyrir því að þau eigi möguleika á að taka þátt í frístundastarfi eftir því sem hæfir aldri þeirra. Þá eiga börn samkvæmt frumvarpinu rétt á almenntri heilbrigðisþjónustu og rétt á skjótri lögmannaðstoð til samræmis við 24. gr. og d-lið 37. gr. barnasáttmálans.

Frumvarpið tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en í 9. gr. þess er sérstaklega kveðið á um að huga skuli einkum að aðstæðum einstaklinga í sérstaklega viðkvæmri stöðu og í 2. gr. er skýring á hugtakinu og vísað til þeirra sem samningurinn verndar. Þegar kemur að skilyrðum þess að vista útlending á brottfararstöð er ekki heimilt samkvæmt frumvarpinu að taka ákvörðun um slíka vistun ef hún mun fela í sér ósanngjarna ráðstöfun með hliðsjón af eðli máls og atvikum að öðru leyti eða ef talið er fullnægjandi að hann sæti vægara úrræði. Hér þarf að huga að meðalhófi og leggja mat á hvort vistun geti stefnt heilsufari einstaklings í hættu eða hann þoli ekki vistun af öðrum ástæðum og hvort hann þurfi sérstaka umönnun, athygli eða aðstoð eins og segir í skýringum við 22. gr. frumvarpsins. Tryggja þarf öryggi allra sem vistaðir eru á brottfararstöð og að fólk í viðkvæmri stöðu upplifi sig öruggt og sé boðið upp á aðstöðu, aðbúnað og vistarverur sem mæti þeirra þörfum. Á þetta er lögð áhersla í frumvarpi þessu.

Ísland hefur fullgilt valfrjálsa bókun við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (OPCAT). Kveður bókunin meðal annars á um eftirlit aðildarríkis með hvort og hvernig réttindi frelsissviptra einstaklinga eru virt og draga úr líkum á brotum gegn þeim með forvarnarstarfi. Gegnir umboðsmaður Alþingis hlutverki innlends forvarnaraðila hér á landi og fer með framkvæmd eftirlits á grundvelli bókunarinnar. Á grundvelli OPCAT hefur umboðsmaður heimild til að heimsækja alla staði þar sem einstaklingar eru eða kunna að vera sviptir frelsi sínu. Gera má ráð fyrir að eftirlit með aðstæðum frelsissviptra einstaklinga sem vistaðir eru á brottfararstöð falli undir fyrrgreint OPCAT-eftirlit líkt og almennt er á Norðurlöndunum.

Frumvarpið gaf tilefni til að skoðað yrði að öðru leyti hvort það uppfyllti skilyrði stjórnarskrár og þeirra mannréttindasáttmála sem Ísland hefur fullgilt, svo sem 71. gr. stjórnarskrár um friðhelgi einkalífs í tengslum við leit í herbergi svo að fátt eitt sé nefnt, og var það metið svo að það stæðist mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og þá mannréttindasáttmála sem Ísland hefur fullgilt.

5. Samráð.

Í byrjun desember 2023 var formlega stofnaður starfshópur á vegum dómsmálaráðuneytisins sem hafði það hlutverk að undirbúa frumvarp til laga um brottfararstöð. Í starfshópnum sátu, auk fulltrúa dómsmálaráðuneytisins, fulltrúar ríkislögreglustjóra, Útlendingastofnunar, Fangelsismálastofnunar, mennta- og barnamálaráðuneytisins, barna-og fjölskyldustofu, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og lögreglunnar á Suðurnesjum. Frumvarpsdrög fóru í óformlegt samráð hjá þessum aðilum dagana 8.–22. desember 2023, auk þess sem tiltekin réttarfarsatriði voru borin undir embætti ríkislögmans. Frumvarpið var kynnt í

samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is og var almenningi gefinn kostur á að senda inn athugasemdir og ábendingar. Umsagnir sem bárust voru alls nítján talsins, þ. á m. frá Rauða krossinum á Íslandi, UNICEF á Íslandi, Landssamtökunum Þroskahjálpi, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Barnaheillum – Save the Children. Allar umsagnir eru birtar og aðgengilegar í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is, undir málsnúmerinu S-10/2024. Þá bárust tvær umsagnir til ráðuneytisins að loknu samráði, önnur frá einstaklingi en hin frá Alþýðusambandi Íslands.

Að loknu samráði voru gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu, sumar vegna athugasemda í umsögnum sem bárust og var þannig leitast við að veita frekari skýringar þar sem umsagnaraðilar töldu ákvæði og/eða athugasemdir við þau óskýr.

[Frekari umfjöllun kemur hér í kjölfar samráðs]

6. Mat á áhrifum.

Meginmarkmið frumvarpsins er að uppfylla skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist með þátttöku í Schengen-samstarfinu. Ekki er gert ráð fyrir að innleiðing á skimunarreglugerðinni með frumvarpinu muni hafa verulega aukin útgjöld í för með sér þar sem ekki er búist við að mikil aukning verði á skimun vegna hennar. Móttökumiðstöðin, sbr. 27. gr. laga um útlendinga, mun taka á móti þeim hópi útlendinga sem frumvarpið mælir fyrir um. Starfsemi og rekstur móttökumiðstöðvar, sem hefur verið starfrækt í húsnæði Domus Medica, er nú þegar fjármagnaður. Fyrirhugað er að færa starfsemi móttökumiðstöðvarinnar úr miðborginni og á Suðurnesin í nálægð við flugvöllinn. Gera má ráð fyrir að því fylgi ákveðin hagræðing því húsnæði Domus Medica hefur verið reynst óhentugt fyrir starfsemi af þessum toga. Ákveðinn kostnaður mun fylgja þeim flutningi og við að koma starfseminni upp í nýju húsnæði en sá kostnaður mun hins vegar að einhverju leyti vera styrkhæfur úr innri öryggisjóði um landamæri.

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að koma á fót brottfararmiðstöð í samræmi við skuldbindingar samkvæmt Schengen-samstarfinu. Starfsemi brottfararmiðstöðvar er fjármögnuð í gildandi fjármálaáætlun, í frumvarpi til fjárlaga 2026 er gert ráð fyrir árlegu rekstrarframlagi, að fjárhæð 500 m.kr. Ríkissjóður ber nú þegar kostnað af umræddum einstaklingum, bæði hvað varðar búsetu og annan kostnað við uppihald þar til þeir fara úr landi. Unnið er að gerð kostnaðarmats og rekstraráætlunar fyrir starfsemi brottfararstöðvar sem mun rúmast innan núgildandi og nýrra fjárveitinga. Ef ekki er brugðist við athugasemdum föstu eftirlitsnefndarinnar með Schengen-samstarfinu er hætt við að það hafi áhrif á samstarf Íslands við önnur Schengen-ríki. Ætla má að kostnaður sem hlytist af slíkri stöðu, m.a. vegna áhrifa á ferðaþjónustu hér á landi, leiðarkerfis íslenskra flugfélaga og þess ferðafrelsis sem íbúar svæðisins njóta, yrði margfalt kostnaðarsamari en að koma á fót og reka brottfararstöð.

Úrræðið er ein af þeim aðgerðum sem miða að því að koma upp svipaðri lagaumgjörð og framkvæmd í útlendingamálum og tíðkast í nágrannalöndunum, þá sérstaklega annars staðar á Norðurlöndum. Það mun auka skilvirkni í málaflokknum.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi neikvæð kostnaðaráhrif á sveitarfélögin.

Ekki er gert ráð fyrir að breytingar sem lagðar eru til innleiðingar á skimunarreglugerðinni hafi áhrif á jafnrétti kynjanna en við gerð frumvarpsins var höfð hliðsjón af kynjahlutfalli umsækjenda um alþjóðlega vernd undanfarin misseri og gengið út frá því að fleiri karlar en konur yrðu vistaðir á brottfararstöð þó svo að kynjahlutfallið hafi verið nokkuð jafnt á viðmiðunartímabilinu. Var það mat einkum reist á því að algengara er að karlar komi hingað einir en konur í fylgd með maka sínum eða sem hluti af fjölskyldu. Hinn 1. desember 2023 hafði heimferða- og fylgdadeild ríkislögreglustjóra borist 176 verkbeiðnir, þar af voru 117

vegna karla (66%) en 59 vegna kvenna (34%), auk þess sem embættið hafði sama dag fylgt 226 útlendingum af landi brott það ár, þar af voru 187 karlar (83%). Í lok árs 2024 voru 247 opnar verkbeiðnir skráðar hjá heimferða- og fylgdadeild en hlutfall karla og kvenna fyrir það tímabil liggur ekki fyrir. Í ljósi eðlis brottfararstöðvar í tengslum við flutninga útlendinga úr landi í fylgd lögreglu má gera ráð fyrir að frumvarpið hafi meiri áhrif á karla en konur. Þá tekur frumvarpið mið af ólíkri stöðu og þörfum kynjanna sem og barna en gert er ráð fyrir að vistarverur einstæðra karla verði aðskildar frá konum og börnum en að samgangur einstæðra karla og kvenna sé þó almennt heimill í sameiginlegum rýmum, nema sérstakar aðstæður eða húsrými komi í veg fyrir það.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um gildissvið. Kemur þar fram að lögin, verði frumvarpið samþykkt, gildi um brottfararstöð og er þá átt við vistun útlendinga á brottfararstöð sem sætir frelsisskerðingu í samræmi við ákvæði frumvarpsins vegna framkvæmdar ákvörðunar um að hann skuli yfirgefa landið og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar hjá stjórnvöldum. Er jafnframt tekið fram að um skyldur og réttindi útlendinga á brottfararstöð muni ákvæði þessa frumvarps gilda. Vistun á brottfararstöð skerðir ferðafrelsi útlendinga. Um er að ræða frelsisviptingu í skilningi 4. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar.

2. mgr. felur í sér almenna tilvísun þess efnis að við meðferð mála samkvæmt lögunum, verði frumvarpið samþykkt, skuli fara eftir stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, nema annað leiði af ákvæðum laganna. Mál samkvæmt frumvarpinu falla undir stjórnsýslu ríkisins og því gilda stjórnsýslulög almennt um þau.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er að finna orðskýringar. Markmið þeirra er að tryggja samræmda framkvæmd við beitingu laganna, verði frumvarpið samþykkt, og eru þar skilgreind hugtök sem gert er ráð fyrir að byggt verði á í reglugerðum sem settar yrðu á grundvelli þeirra. Við skilgreiningu hugtakanna var m.a. litið til skilgreininga í lögum um útlendinga, nr. 80/2016, og lögum um fullnustu refsinga, nr. 15/2016.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að reka fleiri en eina brottfararstöð. Þannig væri til að mynda hægt að aðskilja eftir kyni í einu húsnæði og vera með sérstakt húsnæði fyrir fjölskyldur, allt eftir þörfum hverjum sinni. Nánari umfjöllun um vistarverur brottfararstöðvar má finna í skýringum við 8. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um að lögreglustjórinn á Suðurnesjum beri ábyrgð á rekstri brottfararstöðvar hér á landi. Gert er ráð fyrir að brottfararstöð ásamt móttökumiðstöð skv. 27. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 verði komið á fót nálægt stærstu landamærastöð Íslands, á Suðurnesjum og að lögreglustjórinn á Suðurnesjum verði með starfseiningu ásamt öðrum þjónustuaðilum í móttökumiðstöðinni. Lögregluembættinu verður jafnframt falið að annast framkvæmd á frávísun og brottvísun útlendinga. Rekstur brottfararstöðvar á Suðurnesjum er þannig talið falla vel að hlutverki lögregluembættisins sem ber m.a. ábyrgð á landamæravörslu á Keflavíkurflugvelli.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ráðherra fari með yfirstjórn laganna, nái frumvarpið fram að ganga.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um yfirmann brottfararstöðvar. Honum er ætlað að bera ábyrgð á daglegum rekstri í tengslum við úrræðið og starfar í umboði lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Samkvæmt 1. mgr. ræður lögreglustjórinn á Suðurnesjum yfirmann brottfararstöðvar enda ber hann ábyrgð á rekstrinum skv. 3. gr. Í 20. gr. er ráðherra veitt heimild til að kveða á um hæfisskilyrði yfirmanns.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að yfirmaður geti haft umsjón með daglegum rekstri fleiri en einnar brottfararstöðvar. Það þekkist í mörgum Schengen-ríkjum að fyrirkomulag brottfararstöðva sé jafnvel útfært á tvo eða fleiri vegu og má sem dæmi nefna úrræði þar sem einstæðir karlmenn eru vistaðir annars vegar og hins vegar úrræði þar sem eingöngu konur, börn og fjölskyldur eru vistuð. Þá reka sum ríki sérstök vistunarúrræði á landamærum.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að lögreglustjórinn á Suðurnesjum skuli skipa fangaverði og ráða annað starfsfólk brottfararstöðvar. Lögreglustjórinn skal skipa fangaverði til fimm ára í senn. Miðað er við að skipunartími sé sá sami og hjá fangavörðum í fangelsum skv. 1. mgr. 8. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016. Fangaverðir skulu gæta einstaklinga sem vistaðir eru á brottfararstöð. Með öðru starfsfólki er m.a. átt við fagfólk sem hefur sérþekkingu á aðstæðum þeirra sem þar eru vistaðir. Þá verður að telja mikilvægt að með börnum starfi starfsfólk sem hafi sérþekkingu á málefnum þeirra. Gert er ráð fyrir að heilbrigðisstarfsfólk verði ráðið til starfa á grundvelli 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Í framkvæmd er þannig gert ráð fyrir að á brottfararstöð starfi saman fangaverðir og annað starfsfólk sem býr yfir þekkingu og færni til að tryggja öryggi og velferð vistmanna.

Samkvæmt 2. mgr. skulu fangaverðir uppfylla sömu skilyrði til starfa og eru sett í lögum um fullnustu refsinga og reglugerðum settum á grundvelli þeirra laga með þeirri undantekningu að heimilt er að ráða fangavörð tímabundið til afleysinga að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði sem fangaverðir þurfa m.a. að uppfylla samkvæmt lögum um fullnustu refsinga er að hafa lokið fangavarðarnámi eða sambærilegu námi sem viðurkennt er af Fangelsismálastofnun að fenginni umsögn Fangavarðafélags Íslands. Þá er einnig gert að kröfu að fangavörður hljóti tiltekna bakgrunnsskoðun. Hér ber að nefna að ákvæðin bakgrunnsskoðun skal einnig fara fram á öðru starfsfólki brottfararstöðvar til samræmis við 28. gr. a lögreglulaga, nr. 90/1996.

Í 3. mgr. er kveðið á um að fangaverðir skuli hljóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og mælt er fyrir um í lögum um fullnustu refsinga. Er þar m.a. kveðið á um rétt þeirra til bóta úr ríkissjóði vegna líkams- eða munatjóns sem þeir verða fyrir í starfi sínu, takmörkun á verkfallsrétti vegna eðlis þeirra starfa sem þeir sinna við að gæta frelsissviptra einstaklinga, þagnarskyldu o.fl.

Mikilvægt er að halda til haga þeim meginmun sem er á fangelsum og brottfararstöðvum þó að starf fangavarða í fangelsum geti verið sambærilegt starfi þeirra á brottfararstöð, þ.e. að gæta frelsissviptra einstaklinga þá er um ólíkan hóp einstaklinga að ræða. Starfsumhverfi og störf fangavarða og annars starfsfólks sem er í samneyti við einstaklinga á brottfararstöð þurfa að endurspeгла það. Þess vegna er í 4. mgr. gert ráð fyrir að fangaverðir og annað starfsfólk brottfararstöðvar hljóti viðeigandi og sérstaka þjálfun sem taki mið af þeim einstaklingum sem þar verði vistaðir. Er þar einkum átt við starfsfólk sem er í beinum samskiptum við vistmenn. Með viðeigandi þjálfun er m.a. átt við aukinn skilning og þekkingu á málefnum þess hóps sem þar verður vistaður, meðal annars er varða fjölbreytileika, þ.m.t. félagslegan, menningarlegan og trúarlegan, málum sem tengjast ofbeldi gegn konum, mansali og jafnréttismálum og

sérþörfum viðkvæmra einstaklinga, enda má ætla að starfsfólkið muni starfa með fjölbreyttum hópi. Þá þarf starfsfólk að öðlast sérstaka þjálfun sem tekur sem dæmi mið af þörfum barna sem kunna að vera vistað á brottfararstöð og öðlast þekkingu á aðstæðum barna í slíkri stöðu. Einnig skal kynna starfsfólki siðareglur og reglur brottfararstöðvar. Ekki er um tæmandi talningu að ræða. Starfsfólk skal hljóta þjálfun þegar það hefur störf en einnig reglulega þjálfun til að tryggja að þekking og færni starfsfólks sé ávallt samkvæmt nýjustu stöðlum. Gert er ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um þjálfun starfsfólks í reglugerð, sbr. 20. gr.

Um 6.

Í greininni er kveðið á um að heimilt sé að vista útlending á brottfararstöð. Til samræmis er lagt til í k-lið 1. tölul. 22. gr. frumvarpsins að kveðið verði á um skilyrði fyrir vistun á brottfararstöð í lögum um útlendinga, sbr. ákvæði 114. gr. a – 114. gr. f.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að lögreglustjórinn á Suðurnesjum taki ákvörðun um hvar á brottfararstöð skuli vista einstakling enda rekur hann úrræðið. Við ákvörðunina skal m.a. taka tillit til aldurs, kynferðis, kynvitundar, aðstæðna og heilsufars hans, auk þeirra sjónarmiða sem gilda um vistun á hverjum stað fyrir sig.

Rétt þykir að kveða á um umrædda heimild lögreglustjórans á Suðurnesjum til að flytja einstakling á milli brottfararstöðva í 3. mgr. þessarar greinar, verði brottfararstöðvar fleiri en ein. Þróunin í málaflokki útlendinga getur síðar meir þýtt að brottfararstöðvar verði reknar á fleiri en einum stað.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um ýmsar reglur um upphaf vistunar.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá skyldu að skrá tilteknar upplýsingar um einstakling við upphaf vistunar, svo sem persónuupplýsingar, taka andlitsmynd af honum og skrá helstu upplýsingar er varða mál hans. Er sú skylda lögð á yfirvöld í þeim tilgangi að tryggja yfirsýn yfir þá sem eru vistaðir á brottfararstöð en ekki síður í þeim tilgangi að halda til haga upplýsingum sem geta reynst mikilvægar við mat á því hvort vistun er og/eða hafi verið lögleg.

Í 2. mgr. er kveðið á um að almennt skuli heilbrigðisskoðun fara fram við upphaf vistunar útlendinga og ef þörf krefur á meðan vistun stendur. Skal miðað við að heilbrigðisskoðun fari alla jafna fram innan 24 tíma frá upphafi vistunar. Ákveðinn sveigjanleiki verður hins vegar að vera í framkvæmd og ekki nauðsynlegt í öllum tilvikum að heilbrigðisskoðun fari fram t.d. ef einstaklingur er vistaður í skamman tíma, heilbrigðisskoðun hefur farið fram nýlega eða um endurkomu einstaklings er að ræða sem hefur nýlega þurft að gangast undir heilbrigðisskoðun. Markmiðið með heilbrigðisskoðun er m.a. að greina smitsjúkdóma til að vernda lýðheilsu og sérstaklega heilsu annarra vistmanna, starfsfólks og þeirra sem eru í samskiptum við einstaklinginn, ásamt því að bera kennsl á mögulegar heilsufarslegar þarfir viðkomandi og hvort hann sé í sérstaklega viðkvæmri stöðu sem krefst sérstakrar læknishjálp og eftirfylgni, einkum vegna færniskerðingar, fötlunar, meðgöngu eða annarra vandamála sem tengjast sem dæmi aldri, áföllum eða hættu á sjálfsskaða. Heilbrigðisstarfsmaður með viðeigandi hæfni skal skoða einstakling en vísa honum áfram til læknis ef þörf er á. Skráning heilsufarsupplýsinga og sjúkrasögu kann að vera mikilvæg þegar meta á hvort vistun sé viðeigandi eða skuli haldið áfram út frá læknisfræðilegu sjónarmiði.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Í 4. mgr. má finna ákvæði um leiðbeiningaskyldu yfirvalda sem starfrækja brottfararstöð. Samkvæmt ákvæðinu skal veita einstaklingi upplýsingar um reglur sem um vistunina gilda ásamt upplýsingum um réttindi og skyldur viðkomandi eins fljótt og auðið er við upphaf

vistunar á brottfararstöð. Þetta á einnig við ef flytja á einstakling á milli brottfararstöðva. Þá er mikilvægt að kynna viðkomandi upplýsingarnar á tungumáli sem hann skilur sem og miðla þeim á þann hátt sem hæfir aldri og þroska hans. Í 3. mgr. 20. gr. er gert ráð fyrir að lögreglustjórinn á Suðurnesjum setji reglur sem gilda eiga á brottfararstöð.

Loks er í 5. mgr. lagt til að einstaklingi sé heimilt að hafa samband við lögmann, aðstandendur, fulltrúa heimalands síns og/eða viðurkennd mannúðar- eða mannréttindasamtök eins fljótt og auðið er. Sé þörf á skal kalla til tülk þegar viðkomandi hefur samband við lögmann. Ákvæðið er sett til innleiðingar á 2. mgr. 16. gr. brottvísunartilskipunarinnar.

Um 8. gr.

Í greininni má finna reglur um vistarverur brottfararstöðvar og heimild til deildaskiptingar.

Í 1. mgr. er kveðið á um heimild til að hafa brottfararstöðvar deildaskiptar og er gert ráð fyrir slíku fyrirkomulagi í 2. og 4. mgr. Heimilt er að deildaskipta brottfararstöð eftir þörfum með tilliti til þeirra einstaklinga sem eru vistaðir þar hverju sinni.

Í 2. mgr. er lagt til að vistarverur karla og kvenna skuli vera aðskildar. Aðskilnaður karla og kvenna á brottfararstöðvum tíðkast í flestum nágrannaríkjum okkar sem og öðrum Schengen-ríkjum. Hins vegar er hér lagt til að vistmönnum verði almennt heimilt að hafa samgang sín á milli í almennum rýmum, þ.e. sameiginlegum rýmum, en lagt bann við því að vistmaður fari inn í herbergi vistmanns af öðru kyni. Í 3. mgr. er lögreglustjóranum á Suðurnesjum hins vegar veitt heimild til að ákveða annað, ef brýnir hagsmunir vistmanns eða annarra vistmanna krefjast þess, t.d. vegna kynvitundar einstaklings.

Með 4. mgr. er 2. mgr. 17. gr. brottvísunartilskipunarinnar innleidd þar sem kveðið er á um sérstakt rými fyrir fjölskyldur til að tryggja friðhelgi þeirra. Það getur verið tryggt með sérstöku húsnæði eða með því að aðskilja rými fjölskyldna frá öðrum vistmönnum. Tíðkast hefur í mörgum öðrum Schengen-ríkjum að fjölskyldur og konur séu vistaðar saman þannig að vistarverur þeirra og einstæðra karlmanna séu aðskildar. Fjölskyldum er þannig annaðhvort séð fyrir sérstöku húsnæði, þar sem þeim er tryggt viðunandi fjölskyldulíf og aðbúnaður sem hentar hagsmunum og þörfum barna og áhersla er lögð á barnvænt umhverfi, eða þær eru vistaðar á sérstökum fjölskyldugangi eða á fjölskyldudeild með sömu áherslum og að framan greinir. Jafnframt er séð fyrir sérstöku útsvæði fyrir fjölskyldur. Með hugtakinu fjölskylda er almennt átt við pör, foreldra með barn/börn og umsjónarmenn með barn/börn. Með umsjónarmanni er átt við tilvik þegar barn kemur hingað til lands í fylgd annarra en foreldra þess, svo sem forsjáraðila, fjölskyldumeðlims eða aðila sem hefur með einum eða öðrum hætti tekið að sér að annast barnið. Meta þarf hverju sinni hvort einstaklingur 18 ára eða eldri skuli vistast með foreldrum/umsjónarmönnum en almennt skal huga að friðhelgi fjölskyldunnar við slíka ákvörðun nema annað mæli því í móti.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um heimild lögreglustjórans á Suðurnesjum til að leyfa vistmanni að hafa búnað inni í herbergi hjá sér, t.d. nettengda tölvu til samræmis við reglur brottfararstöðvar, sbr. a-liður. Í b-lið er mælt fyrir um heimild lögreglustjórans til að læsa herbergjum vistmanna af sérstökum ástæðum og af öryggisástæðum. Það hvort þörf er á að læsa herbergjum vistmanna að næturlagi kann m.a. að ráðast af því í hvers konar húsnæði brottfararstöð er rekin, samsetningu vistmanna hverju sinni og út frá öryggissjónarmiðum. Öryggisástæður geta fallið undir sérstakar ástæður. Á öðrum tímum er lögreglustjóranum heimilt að læsa herbergjum vistmanna af öryggisástæðum. Vismenn skulu eiga val um það hvort þeir læsi herbergjum sínum innan frá til samræmis við reglur brottfararmiðstöðvar. Samkvæmt 20. gr. skal ráðherra setja reglugerð þar sem kveðið er nánar á um heimildir lögreglustjórans til að læsa herbergjum skv. þessari grein. Að lokum er í c-lið heimild lögð til

að kveða á um greiðslu fæðispeninga og dagpeninga. Þykir nauðsynlegt að mæla fyrir um slíka heimild þar sem fyrirkomulag vistunar mun taka mið af því húsnæði og þeirri aðstöðu sem brottfararstöð mun bjóða upp á. Þannig verður að ráðast hvort fæðispeningar verða veittir eða ekki, t.d. hvort keyptar verða máltíðir fyrir vistmenn, þær eldaðar á staðnum eða aðföng keypt fyrir vistmenn til að matreiða sjálfir og hvort nauðsynjavörur, eins og hreinlætisvörur, verða veittar á brottfararstöð eða seldar. Gert er ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að setja skilyrði þess að vistmönnum séu greiddir fæðispeningar og/eða dagpeningar og í hvaða tilvikum slíkar greiðslur kunni að koma til, sbr. 20. gr.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um réttindi og skyldur einstaklinga sem vistaðir eru á brottfararstöð.

Þykir rétt að árétta í 1. mgr. að þjónusta sem er veitt á brottfararstöð skuli taka mið af þörfum og stöðu viðkomandi einstaklinga og að einkum skuli huga að aðstæðum einstaklinga í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Með einstaklingum í *sérstaklega viðkvæmri stöðu* er líkt og útskýrt er í 2. gr. m.a. átt við börn, fatlaða einstaklinga, einstaklinga með geðraskanir eða geðfötlun, aldraða einstaklinga, þungaða einstaklinga, einstæða foreldra með ung börn, fórnarlömb mansals, alvarlega veika einstaklinga og einstaklinga sem hafa orðið fyrir pyndingum, kynfæralímlestingum, nauðgun eða öðru alvarlegu andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Aðstæður sérstaklega viðkvæmra einstaklinga geta kallað á sérstakan aðbúnað eða þjónustu sem ber að huga að. Sem dæmi ber að sjá til þess að vistarverur fyrir börn og fjölskyldur þeirra séu barnvænar og aðskildar frá öðrum. Allur aðbúnaður þarf jafnframt að vera öruggur og hæfa aldri og þörfum barna, svo sem örugg og aðgengileg leiksvæði og tómstundasvæði. Tryggja þarf aðgengi að frístundastarfi, sbr. 3. mgr. Þá er einnig í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að með börnum vinni starfsmaður með sérþekkingu á málefnum barna í viðkvæmri stöðu. Annað dæmi um aðbúnað eða þjónustu sem þarf að huga að samkvæmt ákvæði þessu er heilbrigðisþjónusta fyrir barnshafandi einstakling, til að mynda meðgöngufatnaður og lyf við ógleði. Þarfir einstaklinga með fötlun gætu t.d. verið hjólastóláðgengi að útisvæðum, öllum dagrymum, herbergi viðkomandi, aðlöguð rúm og salerni og/eða möguleiki á að eiga í samskiptum við einhvern sem talar táknmál o.fl. Undir ákvæðið fellur einnig geðheilbrigðisþjónusta sem einstaklingur kann að þarfnast. Huga þarf því einkar vel að þessum einstaklingum og aðstæður að vera til samræmis við þeirra þarfir. Má í þessu skyni einnig nefna heimild skv. 8. gr. til að hafa húsnæði deildaskipt og takmarka samgang o.fl. ef aðstæður krefjast þess. Í 20. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra hafi heimild til að kveða nánar á um þjónustu, aðstæður og aðbúnað á brottfararstöð í reglugerð. Með 1. mgr. er 1. málsl. 3. mgr. 16. gr. brottvísunartilskipunarinnar innleiddur.

Í 2. mgr. er lagt til að einstaklingar sem vistaðir eru á brottfararstöð njóti nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu og tekur orðalag greinarinnar mið af c-lið 1. mgr. 33. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016. Þá er það í samræmi við ákvæði 2. másl. 3. mgr. 16. gr. brottvísunartilskipunarinnar þar sem kveðið er á um að einstaklingi, sem vistaður er á brottfararstöð, sé tryggð bráðaheilbrigðisþjónusta og nauðsynleg meðferð við veikindum. Við innleiðingu á fyrrgreindu ákvæði brottvísunartilskipunarinnar var talið ákjósanlegast að taka mið af því þjónustustigi heilbrigðisþjónustu sem 33. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016 kveður á um og það verklag sem þar hefur mótagast í framkvæmd um hvað telst nauðsynleg heilbrigðisþjónusta. Þá þarf að horfa til þess að vistun útlendinga á brottfararstöð varir alla jafna í skamman tíma ólíkt því sem gildir um fanga sem vistaðir eru í fangelsum á grundvelli laga um fullnustu refsinga. Þeir einstaklingar, sem vistaðir verða á brottfararstöð, munu að meginstefnu vera einstaklingar sem fengið hafa endanlega niðurstöðu um umsókn sína um

alþjóðlega vernd og samhliða því ákvörðun um brottvísun. Yrði þjónustustig heilbrigðisþjónustu þannig tryggt gagnvart viðmiðum brottvísunartilskipunarinnar og í takt við það sem meiri hluti vistaðra einstaklinga hefur áður notið af hálfu stjórnvalda hér á landi. Gert er ráð fyrir að heilbrigðisstarfsfólk sinni heilbrigðisþjónustu við vistmenn eftir því sem unnt er en að auki er gert ráð fyrir að gerður verði samningur við heilbrigðisyfirvöld eða einkaaðila um heilbrigðisþjónustu sem vistmönnum stendur til boða og að þar undir falli m.a. geðheilbrigðisþjónusta.

Í 3. mgr. er kveðið á um réttindi sem vistmenn skulu njóta meðan á vistun stendur, sem verða þó með þeim takmörkunum sem ákvæði frumvarpsins og reglur brottfararstöðvar mæla fyrir um. Til að mynda geta verið ákveðin takmörk á því hvenær sólarhrings viðkomandi getur fengið heimsóknir, hversu oft í viku, hvenær tíma dags megi hringja og taka á móti símtölum o.s.frv. Alla jafna skulu vistmenn þó á dagtíma geta farið frjálssir um dagrými brottfararstöðvar, notið útiveru og iðkað trú sína eins og aðstæður leyfa. Einnig skulu þeir eiga rétt á að iðka tómstundir eftir því sem aðstæður leyfa og þá er sérstaklega gert ráð fyrir rétti barna til tómstundaiðkunar sem hæfir aldri þeirra. Með hliðsjón af þeim skamma tíma sem börn eru vistuð á brottfararstöð er ekki gerð krafa um að þau njóti menntunar þar. Skv. 20. gr. getur ráðherra kveðið nánar á um þessi réttindi og takmarkanir á þeim í reglugerð. Í III. kafla má einnig finna heimild til að takmarka einhver af þessum réttindum sem hluta af agaviðurlögum, þó aldrei réttindi barna.

Að lokum er í 4. mgr. kveðið á um að vistmönnum beri að hlýða fyrirmælum alls starfsfólks, svo sem vegna leitar, heimsóknar eða til að halda ró og reglu á vistunarstað og áréttað að þeim sé óheimilt að hindra fangaverði eða annað starfsfólk í að gegna skyldustörfum sínum. Ekki er um tæmandi talningu að ræða. Rétt er að taka fram að skv. 15. gr. frumvarpsins varðar brot á ákvæðinu agaviðurlögum.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um heimsóknir og fjölmiðaviðtöl. Á meðan einstaklingur er á brottfararstöð er gert ráð fyrir að hann geti fengið heimsóknir ef hann svo kýs. Mikilvægt er að öryggis sé gætt þegar kemur að heimsóknum og tryggja að þær fari þannig fram að unnt sé að viðhalda ró, góðri reglu og öryggi á staðnum. Í ákvæðinu er því mælt fyrir um heimild lögreglustjórans á Suðurnesjum til að þess að ákveða að heimsóknir tiltekins einstaklings fari fram undir eftirliti starfsmanns, í afmörkuðu og tilgreindu rými, eða banna líkamlega snertingu gesta og vistmanns. Þá er heimilt að banna tilteknum einstaklingi að heimsækja viðkomandi ef nauðsynlegt þykir til að viðhalda ró, góðri reglu og öryggi á vistunarstað og til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað eða ef ástæða er til að ætla að heimsóknin verði misnotuð að öðru leyti. Lögreglustjóranum ber að rökstyðja ákvörðunina skriflega.

Sömu viðmið gilda um heimild til að rjúfa heimsókn skv. 2. mgr. ef það þykir nauðsynlegt til að viðhalda ró, góðri reglu og öryggi á vistunarstað eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað. Þá skal skv. 3. mgr. heimsókn lögmanns til vistmanns fara fram eftirlitslaust nema lögmaður óski sérstaklega eftir öðru.

Með 4. mgr. er 4. mgr. 16. gr. brottvísunartilskipunarinnar innleidd en henni er ætlað að tryggja að viðeigandi stofnanir og aðilar og félagasamtök eigi kost á að heimsækja vistunarstað að undangengnu leyfi frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum.

Með 5. mgr. er veitt heimild fyrir fjölmiðla til að taka fjölmiðlaviðtal við einstakling sem vistaður er á brottfararstöð að undangengnu samþykki hans og leyfi frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Í 6. mgr. er tekið fram að heimilt er að skilyrða leyfi skv. 4. og 5. mgr. í tilteknum tilgangi sem tilgreindur er í ákvæðinu. Á grundvelli þess er sem dæmi hægt að

ákveða hvenær og hvar viðtal fer fram skv. 5. mgr., að leyfið nái til tiltekinna svæða og rýma innan brottfararstöðvar o.s.frv. Fleiri skilyrði má setja til að viðhalda ró, góðri reglu og öryggi á vistunarstað og er gert ráð fyrir að lögreglustjórinn á Suðurnesjum setji reglur um nánari framkvæmd fjölmiðlaviðtala við vistmenn.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er heimild til að beita neyðarráðstöfun í þeim sérstöku tilvikum sem talin eru upp. Með ákvæðinu er 18. gr. brottvísunartilskipunarinnar innleidd. Ekkert í þessari grein skal túlka þannig að það heimili stjórnvöldum að víkja frá almennti skyldu sinni til að grípa til allra viðeigandi ráðstafana, almennt eða sérstakra, til að tryggja efndir á skyldum sínum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og brottvísunartilskipuninni. Enginn úmarammi er settur um það hversu lengi má beita neyðarráðstöfun samkvæmt þessari grein enda verður það að vera háð mati hverju sinni og aðstæðum, en almennt skal þó leitast við að beita henni í sem skemmstan tíma. Þegar grípa þarf til neyðarráðstafana skv. greininni skal upplýsa framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins um það, sem og þegar ástæður fyrir beitingu slíkra neyðarráðstafana eru ekki lengur fyrir hendi. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um neyðarráðstafanir samkvæmt þessu ákvæði, sbr. 20. gr.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild til handa fangavörðum og öðru starfsfólki að beita valdi við framkvæmd starfa sinna ef það telst nauðsynlegt og er vísað til skilyrða sem þarf að uppfylla skv. 1. mgr. 11. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016. Skilyrðin eru til að koma í veg fyrir stök, að verjast yfirvofandi árás, yfirbuga grófa mótspyrnu, hindra að einstaklingur skaði sig eða aðra eða til að koma í veg fyrir skemmdarverk eða til að framfylgja fyrirskipuðum aðgerðum sem þörf er á að framkvæma þegar í stað og viðkomandi hafnar eða lætur ógert að fylgja fyrirmælum um. Þar er um tæmandi talningu að ræða. Líta verður hins vegar á það sem meginreglu að þeir sem munu starfa á brottfararstöð sinni skyldustörfum sínum án valdbeitingar. Fangaverðir hafa heimild til valdbeitingar en gert er ráð fyrir að haldin verði sérstök námskeið fyrir annað starfsfólk í þessu skyni í samvinnu við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu. Þykir nauðsynlegt að starfsfólk sem starfar með vistmönnum hafi heimild til að beita valdi og valdbeitingartækjum þar sem upp geta komið aðstæður þar sem grípa þarf til varnar. Meginreglan um meðalhóf gildir vitaskuld og gengið út frá að ekki verði beitt harkalegra úrræði en nauðsyn er til að ná því markmiði sem að er stefnt hverju sinni, sbr. 2. mgr.

Að lokum er í 3. mgr. kveðið á um að óheimilt sé að beita börn valdi nema það sé nauðsynlegt til að ná lögmætum markmiðum, til verndar lífi, heilsu og þroska viðkomandi barns eða annarra vistmanna, lífi eða heilsu starfsmanna eða til verndar eignum. Ákvæðið er sambærilegt því sem er að finna í barnaverndarlögum, nr. 80/2002, sbr. b-lið 2. mgr. 82. gr. laganna. Er hér haft til hliðsjónar að öll börn eiga rétt á sérstakri vernd, svo sem kveðið er á um í lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 19/2013. Nauðsynlegt þykir, með þröngum skilyrðum, að starfsfólk hafi valdbeitingarheimildir þegar barn er vistað á brottfararstöð. Ljóst er að þrátt fyrir að um sé að ræða börn í skilningi laga geta komið upp tilvik þar sem nauðsynlegt þykir að beita valdi. Ekki er heimilt fyrir starfsfólk að beita valdbeitingartækjum gegn barni. Ákvæðið útilokar þó ekki að starfsfólk óski eftir aðstoð lögreglu eftir því sem við á.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um valdbeitingarheimildir starfsfólks í reglugerð, sbr. 20. gr.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild til leitar og líkamsleitar.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að leita megi á einstaklingi, í fötum hans og munum við upphaf vistunar á brottfararstöð, eftir heimsóknir og við almennt eftirlit til þess að koma í veg fyrir að hann hafi í vörslum sínum muni eða efni sem honum er óheimilt að hafa. Auk þess megi leita skv. 2. og 3. mgr. í herbergi einstaklings ef grunur leikur á um að hann hafi í vörslum sínum muni eða efni sem honum er óheimilt að hafa eða vegna almenns eftirlits. Tilgangurinn með því er að fjarlægja og/eða gera upptæka þá muni sem viðkomandi er óheimilt að hafa, sem getur í sumum tilvikum verið nauðsynlegt til að tryggja heilsu og vellíðan viðkomandi, annarra vistmanna og/eða starfsmanna.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um leit og líkamsleit og tekur hún mið af gildandi reglum um leit og líkamsleit samkvæmt lögum um fullnustu refsinga.

Í 1. mgr. er áskilið að líkamsleit skuli ávallt gerð af starfsmanni sem sé sama kyns og sá sem leitað sé á. Hins vegar sé lögreglustjóranum á Suðurnesjum heimilt að ákvarða annað ef brýnir hagsmunir viðkomandi krefjast þess, svo sem vegna kynvitundar einstaklings. Getur það til dæmis átt við þegar kynvitund einstaklings er ekki í samræmi við skráð kyn. Þegar einstaklingur fellur utan kynjatvíhyggjunnar, þ.e. skilgreinir sig ekki sem karl eða konu, má gera ráð fyrir því að viðkomandi geti fengið að velja kyn þess starfsmanns sem framkvæmir leitina, nema sérstaklega standi á.

Í 2. mgr. er lagt til að lögreglustjórinn á Suðurnesjum taki ákvörðun um leit í herbergi vistmanns vegna almenns eftirlits eða ef grunur leikur á um að hann hafi í vörslum sínum muni eða efni sem honum er óheimilt að hafa.

Í 3. mgr. er kveðið á um að vistmaður skuli að jafnaði vera viðstaddur leit í herbergi sínu en mælt fyrir um heimild lögreglustjórans á Suðurnesjum til að víkja frá því skilyrði ef þörf krefji, svo sem ef viðkomandi reynir að trufla leit eða koma í veg fyrir að mál upplýsist. Þá er kveðið á um að gera skuli skýrslu um leitina, m.a. um þá muni eða efni sem kunna að hafa fundist og útlendingi er óheimilt að hafa, og eins skal ákvörðun um leit í herbergi vistmanns tekin með rökstuddri bókun, sbr. 4. mgr. og skrifleg skýrsla gerð um leit skv. 5. mgr. Er hér miðað við sömu málsmeðferð og samkvæmt lögum um fullnustu refsinga.

Í lokamálsgrein greinarinnar eru tekin af öll tvímæli um að stjórnsýslukæra fresti ekki leit og þá gildir ekki andmælaréttur við leit og líkamsleit. Er hér miðað við sömu framkvæmd og samkvæmt lögum um fullnustu refsinga.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Í greininni er fjallað um viðurlög við agabrotum einstaklinga sem vistaðir eru á brottfararstöð. Stjórnvöld bera ábyrgð á heilsu og öryggi þeirra og í því skyni er nauðsynlegt að skilgreina agabrot og mæla fyrir um hvaða viðurlög eru við þeim. Áréttað er að agaviðurlög þau sem mælt er fyrir um í þessari grein eru ekki refsingar í skilningi almennra hegningarlaga heldur viðurlög sem þjóna þeim tilgangi að viðhalda reglu á vistunarstað, auk þess að vernda starfsfólk og vistmenn. Því eru ekki gerðar sömu kröfur til sönnunar í málum sem byggjast á þessu ákvæði og t.d. þeim málum sem varða lög um meðferð sakamála. Í ákvæðinu er mælt

fyrir um stigskiptingu agaviðurlaga þar sem gert er ráð fyrir að skrifleg áminning sé vægasta beiting viðurlaga en svipting tiltekinna réttinda eða búnaðar sé sú þyngsta, sbr. 1. mgr. Í samræmi við það er kveðið skýrt á um það í 2. mgr. að áminningu verði beitt hafi vistmaður ekki áður framið agabrot meðan á vistun á brottfararstöð stóð og þegar brot er smávægilegt.

Einangrun er beitt sem agaviðurlögum á brottfararstöðvum í nágrannaríkjum okkar og öðrum Schengen-ríkjum. Í fangelsum hér á landi hefur einangrun hins vegar verið sífellt minna beitt sem agaviðurlögum þar sem hún hefur ekki verið talin ná tilætluðum árangri. Flestar alþjóðlegar stofnanir hafa einnig gagnrýnt einangrun sem viðurlög við agabroti. Í ljósi þess hversu íþyngjandi úrræði einangrun er var ákveðið að mæla ekki fyrir um heimild til beitingar hennar í frumvarpi þessu. Hins vegar er lögð til heimild í 17. gr. til að aðskilja vistmann frá öðrum vistmönnum eða vista í öryggisklefa að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Ekki er um agaviðurlög að ræða heldur úrræði sem má beita til að afstýra hættu eða koma í veg fyrir ólögmæta háttsemi. Með vistun í öryggisklefa er tilgangurinn ætíð sá að koma í veg fyrir ofbeldi, hemja ofbeldisfullan mótþróa viðkomandi eða hindra að hann skaði sig eða aðra. Úrræðinu skal aðeins beitt þann tíma sem sú hættu varir og oft getur sá tími verið stuttur, jafnvel bara ein klukkustund eða nokkrar klukkustundir.

Í 3. mgr. er lagt til að beita megi fleiri en einni tegund agaviðurlaga samhiða. Fer það eftir mati hverju sinni en gæta skal meðalhófs þegar ákvörðun um agaviðurlög er tekin.

Hvað varðar 4. mgr. er áréttað að rannsókn sem fer fram á grundvelli ákvæðisins er ekki rannsókn í skilningi sakamálalaga og eiga sjónarmið um rannsókn sakamála, meðferð sönnunargagna og reglur um meðferð sakamála ekki við um þau úrræði sem lýst er í greininni.

Í 5. mgr. er kveðið á um að ákvörðun um agaviðurlög skuli rökstudd, bókuð og birt vistmanni í viðurvist vitnis. Með því er gætt að rétttri framkvæmd.

Í 6. mgr. er lagt bann við takmörkun á heimsóknum, símtölum og bréfaskiptum skv. b-lið 1. mgr. við þá aðila og stofnanir sem talin eru upp í ákvæðinu, en telja verður að einstaklingur eigi ætíð rétt á að vera í samskiptum við þá aðila kjósi hann svo.

Að lokum er í 7. mgr. tekin af öll tvímæli um að ekki megi beita barn agaviðurlögum.

Um 17. gr.

Í ákvæðinu er að finna heimild til að aðskilja vistmann sem vistaður er á brottfararstöð frá öðrum vistmönnum. Vísað er til skilyrða 75. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, hvað varðar aðskilnað en þar eru tæmandi taldar þær kringumstæður þar sem heimilt er að beita úrræðinu. Skilyrðin fyrir beitingu aðskilnaðar eru af öryggisástæðum, vegna yfirvofandi hættu sem lífi eða heilbrigði hans er búin, vegna hættu á að einstaklingur valdi meiri háttar spjöllum á eignum staðarins, til að koma í veg fyrir strok, til að koma í veg fyrir að einstaklingur hvetji aðra til að brjóta reglur brottfararstöðvar, til að hindra að hann taki þátt í að útvega sér eða öðrum áfengi, önnur vímuefni eða lyf og til að afstýra að hann sýni öðrum vistmönnum yfirgang. Lögð er áhersla á að um bráðabirgðaúrræði verði að ræða sem ekki skuli standa lengur en nauðsyn krefur og aldrei lengur en í sólarhring, sbr. 2. mgr. 75. gr. laga um fullnustu refsinga. Ákvörðun um aðskilnað skal rökstudd og bókuð og eðli máls samkvæmt er ekki gert ráð fyrir að ákvörðun um aðskilnað samkvæmt greininni sé kæránleg til ráðuneytisins, sbr. 3. mgr. 75. gr. sömu laga.

Einnig er heimilt að vista einstakling í öryggisklefa ef nauðsyn krefur og skilyrði 76. gr. laga um fullnustu refsinga eru uppfyllt. Samkvæmt því ákvæði er heimilt að beita úrræðinu ef nauðsyn krefur til að koma í veg fyrir ofbeldi, hemja ofbeldisfullan mótþróa viðkomandi eða hindra að hann skaði sig eða aðra. Gert er ráð fyrir að þegar einstaklingur er vistaður í öryggisklefa megi nota belti og fót- og handreimar, sbr. 2. mgr. 76. gr. laga um fullnustu refsinga, í

þeim tilgangi að koma í veg fyrir að viðkomandi skaði sig. Vistun í öryggisklefa skal aldrei standa lengur en samræmist tilgangi hennar og beitingar annarra aðgerða. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum tekur ákvörðun um vistun í öryggisklefa og skv. 2. mgr. þarf ekki að veita viðkomandi andmælarétt áður en sú ákvörðun er tekin eða þegar ákvörðun um aðskilnað er tekin. Hér er miðað við sömu framkvæmd og gildir samkvæmt lögum um fullnustu refsinga.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að áður en aðskilnaði sé beitt eða vistmaður settur í öryggisklefa samkvæmt ákvæðinu skuli kalla til lækni til að skoða hann. Þá skuli læknir skoða einstakling í öryggisklefa daglega ef kostur er.

Í 4. mgr. er kveðið á um að aðeins í ýrtruð neyð, og ef engin önnur vægari úrræði hafa dugað til, megi aðskilja barn frá öðrum vistmönnum til verndar því sjálfu. Skýra ber heimildina þröngt. Upp geta komið tilvik þar sem nauðsynlegt þykir að grípa til þessarar ráðstöfunar til að vernda barnið gegn háttsemi annarra vistmanna. Einnig ef upp koma tilvik þar sem tryggja þarf öryggi barnsins, t.d. vegna sjálfsskæðahæðunar. Ákvæðið tekur mið af áskilnaði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um skuldbindingu aðildarríkja til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, sbr. lög nr. 19/2013.

Um 18. gr.

Ákvæðið fjallar um heimild lögreglustjórans á Suðurnesjum til að ákvarða að leggja hald á muni eða efni sem óheimilt er að koma með í húsakynni brottfararstöðvar, hafa þar í vörslum sínum eða búa þar til eða smygla þangað. Frá þessu er sú undantekning að ekki er heimilt að gera upptæka eign grandlauss þriðja manns.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ákvarðanir á grundvelli frumvarpsins séu kæránlegar til ráðuneytisins nema annað sé tekið fram. Um leið og ákvörðun er birt skal skýra útlendingi frá því og þegar ákvörðun er kærð skal þegar senda ráðuneytinu gögn málsins.

Í 2. mgr. er fjallað um sérstaka málsmeðferð og málsmeðferðarfresti ákvarðana um beitingu agaviðurlaga eða vistun í öryggisklefa og er miðað við sambærilega málsmeðferð og skv. 78. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016. Kveðið er á um málsmeðferðarfrest hjá ráðuneytinu. Upphafsdagur frestsins telst vera næsti virki dagur á eftir þeim degi þegar kærán berst ráðuneytinu. Þá gildir úrskurðarfrestur ekki ef kæra vegna agaviðurlaga berst ráðuneytinu eftir að agaviðurlög hafa verið tekin út.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um öll ákvæði sem ráðherra er skylt eða heimilt að setja reglugerð um og um skyldu lögreglustjórans á Suðurnesjum til að setja reglur um brottfararstöð.

Í d-lið 1. mgr. er gert að skilyrði að ráðherra kveði nánar á um í reglugerð um valdbeitingarheimildir starfsfólks og reglur um beitingu valdbeitingartækja á brottfararstöð, svo sem hvaða tæki og töl eru heimil til valdbeitingar.

Í a-lið 2. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um réttindi og skyldur fangavarda og annars starfsfólks, svo sem um einkennisfatnað og undanþágur til að bera einkennisfatnað.

Í d-lið 2. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um upphaf vistunar, m.a. hvaða upplýsingar skuli skrá skv. 1. mgr. 7. gr. og um vinnslu persónuupplýsinga

samkvæmt sama ákvæði. Felst í því m.a. heimild til að kveða á um skráningu, meðferð, notkun, varðveislu, eyðingu og miðlun persónuupplýsinga.

Í f-lið 2. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um réttindi og skyldur útlendinga, svo sem um aðstæður, aðbúnað og þjónustu á brottfararstöð. Er þar m.a. átt við heilbrigðisþjónustu, búnað í herbergjum vistmanna og dagrymum og öðrum rýmum, þ.m.t. sérstakan aðbúnað og þjónustu við börn sem þarf að vera barnvæn. Ráðherra er einnig heimilt að mæla fyrir um takmarkanir á þessum réttindum og skyldum, svo sem um tiltekna heimsóknartíma, símatíma o.fl.

Aðrir stafliðir 1. og 2. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Í 3. mgr. er lögreglustjóranum á Suðurnesjum gert skylt að setja sérstakar reglur um brottfararstöð og er þar m.a. átt við reglur sem eiga að vera aðgengilegar og birtar útlendingum sem vistaðir eru á brottfararstöð og gilda um vistunina, réttindi og skyldur og fleira er viðkemur vistun þeirra, ásamt verklagsreglum til handa starfsfólki brottfararstöðvar.

Ákvæði 4. mgr. er sett í öryggisskyni.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um gildistöku. Þar sem brottfararstöð er ekki starfrækt þarf að koma starfseminni á fót áður en lögin geta tekið gildi, verði frumvarpið samþykkt. Að því gefnu að frumvarpið verði samþykkt fyrir áramót 2025 er miðað við að lögin taki gildi XXXX, enda fyrirséð að ákveðið svigrúm sé nauðsynlegt til að undirbúa starfsemina. Ákvæði d-, f- og j-liðar 1. tölul. 22. gr. taka gildi 12. júní 2026 til samræmis við 2. mgr. 25. gr. skimunarreglugerðarinnar sem kveður á um að gerðin komi til framkvæmda þann dag.

Um 22. gr.

Um 1. tölul. Lagðar eru til breytingar á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, varðandi vistun á brottfararstöð og til innleiðingar á skimunarreglugerðinni.

Um a-lið. Lagt er til að skýringu á *brottfararstöð* verði bætt við 3. gr. laganna þar sem um er að ræða nýja hugtakanotkun sem kveðið verður á um í nýjum ákvæðum, þ.e. 114. gr. a – 114. gr. f.

Um b-lið. Lagt er til að vísun verði lagfærð í samræmi við nýja málsgrein sem lögð er til í c-lið.

Um c-lið. Lagt er til að lögregla tilnefni útlendingi lögmann þegar tekin er ákvörðun um vistun á brottfararstöð. Um er að ræða tilnefningu lögmanns við meðferð máls á stjórnarsýslustigi.

Um d-lið. Lagt er til nýtt ákvæði til innleiðingar á skimunarreglugerðinni.

Í 1. mgr. er kveðið á um útlendinga, þ.e. ríkisborgara þriðju ríkja, sem samkvæmt skimunarreglugerðinni, skulu sæta skimun líkt og mælt er fyrir um í 1. mgr. Það heiti kemur til vegna innleiðingar á fyrrnefndri reglugerð sem gerir ráð fyrir að þeir útlendingar sem mælt er fyrir um í a. til –c-lið ákvæðisins gangist undir tiltekið skimunarferli sem almennt fer fram á ytri landamærum að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Sambærilegt ferli og mælt er fyrir um í reglugerðinni fer fram samkvæmt gildandi lögum um útlendinga þegar um er að ræða umsækjendur um alþjóðlega vernd. Ekki er ætlunin að hrófla við núverandi framkvæmd heldur tryggja að þeir útlendingar sem mælt er fyrir um í ákvæðinu gangist undir sambærilegar ráðstafanir og umsækjendur um alþjóðlega vernd. Samkvæmt a-lið skal skima alla útlendinga sem uppfylla ekki skilyrði fyrir komu, sbr. 5. gr. reglugerðar um för yfir landamæri nr. 866/2017 og eru stöðvaðir í tengslum við óheimila för yfir ytri landamæri. Undir a-lið falla

líka útlendingar sem uppfylla ekki skilyrði fyrir komu þegar þeir fara frá borði eftir leitar- og björgunaraðgerðir. Samkvæmt b-lið er átt við útlendinga sem hafa lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd við ytri landamæri eða á gegnumferðarsvæðum (e. transit zones) og uppfylla ekki skilyrði fyrir komu, sbr. fyrrnefnd 5. gr. reglugerðar um för yfir landamæri, eða sem hefur verið heimilt að koma inn í landið af mannúðarástæðum, vegna almannahagsmuna eða vegna alþjóðlegra skuldbindinga. C-liður tekur til þeirra sem dvelja ólöglega innan yfirráðasvæðis Íslands, hafa farið ólöglega yfir ytri landamæri Schengen-svæðisins og hafa ekki þegar sætt skimun í öðru Schengen-ríki. Skráning viðkomandi einstaklings í Eurodac-gagnagrunninum ætti að gefa vísbendingu um að útlendingur hafi verið skimaður áður. Hafi skimun ekki verið skráð í Eurodac-gagnagrunnin og engar aðrar upplýsingar eða gögn benda til þess, skal skimun skv. 1. mgr. fara fram. Hafi útlendingur farið í gegnum landamæraeftirlit á ytri landamærum en dvalið lengur á Schengen-svæðinu en hann hefur heimild til skal skimun þó ekki fara fram. Heimilt er samkvæmt ákvæði þessu að vinna að máli um alþjóðlega vernd samhliða skimunarferlinu. Skimun samkvæmt 1. mgr. felur í sér auðkennisathugun, þ.e. upplýsingaöflun um einstaklinga sem undir ákvæðið falla, heilbrigðisskoðun sem heilbrigðisstarfsfólk sinnir með það að markmiði að greina hvort þörf sé á heilbrigðisþjónustu fyrir viðkomandi einstakling ásamt greiningu á því hvort útlendingur teljist í sérstaklega viðkvæmri stöðu til að greina mögulegar sérstakar þarfir viðkomandi varðandi m.a. móttöku- og málsmeðferð. Hér er ekki um að ræða ítarlega læknisskoðun líkt og kveðið er á um í 25., 52., 54. og 55. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016. Einnig er mælt fyrir um að útlendingar skuli gangast undir öryggisathugun til að sannreyna hvort þeir gætu talist ógn við innra öryggi. Slík öryggisathugun getur náð bæði til viðkomandi og hluta í hans fórum til samræmis við landslög. Hún fer fram með uppflettingu/skoðun í viðeigandi gagnagrunnum Evrópusambandsins, einkum Schengen-upplýsingakerfinu (SIS), upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS), komu- og brottfararkerfinu (EES), ferðaheimilda- og ferðaupplýsingakerfinu (ETIAS), að meðtöldum gátlista ETIAS, gögnum Europol sem unnin eru í þeim tilgangi sem vísað er til í a-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2016/794, og gagnagrunnum Interpol eins og kveðið er á um í 16. gr. skimunarreglugerðarinnar. Einnig er heimilt að skoða viðeigandi innlenda gagnagrunna í þessum tilgangi. Eingöngu skal sækja gögn sem eru nauðsynleg til að öryggisathugun geti farið fram og hún skal ekki ganga lengra en þörf er á. Eurodac-gagnagrunnurinn er ekki sérstaklega nefndur hér af þeirri ástæðu að skoðun á honum ætti þegar að hafa farið fram í tengslum við athugun á því hvort viðkomandi útlendingur sé skráður í kerfið og hafi þegar gengist undir skimun. Til að forðast tvítekningu skal aðeins afla upplýsinga úr þeim gagnagrunnum sem voru ekki notaðir við landamæraeftirlit á ytri landamærum þegar um er að ræða einstaklinga sem hafa lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að skimun skv. 1. mgr. skuli fara fram án tafar og henni skuli vera lokið innan sjö daga þegar um er að ræða útlendinga á ytri landamærum, sbr. a- og b-lið 1. mgr., en innan þriggja daga þegar um er að ræða útlendinga sem dvelja ólöglega í landinu, sbr. c-lið 1. mgr. Miða skal við þegar viðkomandi er stöðvaður á ytri landamærum eða inni í landi, hann fer frá borði á yfirráðasvæði landsins eða frá því að komið er á landamæraastöð. Á það einnig við um þá sem gefa sig sjálfir fram við lögreglu eða landamæraverði. Fyrrnefndur tímafrestur er endanlegur og ekki heimilt að framlengja jafnvel þó að skimun sé ekki lokið

innan tímamarkanna. Beri svo til skal hætta skimunarferlinu og vísa máli viðkomandi útlendingis til þar til bærst stjórnvalds til viðeigandi meðferðar.

Um e-lið. Ákvæðið snýr að breytingu á tilvísun í kjölfar þeirra breytinga sem lagðar eru til í a-lið þar sem bæta á nýjum tölulið við 3. gr. laganna.

Um f-lið. Lagðar eru til orðlagsbreytingar á ákvæðinu þannig að starfsemi móttökumiðstöðvar taki einnig til þeirra útlendinga sem mælt er fyrir um í a- og c-lið 1. mgr. 19. gr. a.

Um g-lið. Ákvæðið snýr að breytingu á tilvísun í kjölfar þeirra breytinga sem lagðar eru til í a-lið þar sem bæta á nýjum tölulið við 3. gr. laganna.

Um h-lið. Lagðar eru til breytingar á 33. gr. laganna þess efnis að réttindi einstaklinga samkvæmt greininni falli niður á meðan útlendingur er vistaður á brottfararstöð. Á móti kemur að útlendingur í slíku úrræði fær húsnæði, fæði og á rétt á nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Samkvæmt gildandi reglum er Vinnumálastofnun heimilt að fella niður alla þjónustu þegar viðkomandi er úrskurðaður í gæsluvarðhald, sbr. 2. mgr. 25. gr. reglugerðar um útlendinga, nr. 540/2017.

Um i-lið. Lagðar eru til breytingar á 105. gr. laganna vegna tilkomu nýrra greina, 114. gr. a – 114. gr. f, um vistun á brottfararstöð. Sjá umfjöllun um k- og l-lið til nánari skýringar.

Um j-lið. Samkvæmt skimunarreglugerðinni er skylt að tryggja að útlendingar séu til staðar í skimunarferli. Einnig er áskilið að tryggja að útlendingar sem koma ólöglega um ytri landamærin fái ekki inngöngu í landið meðan á skimunarferli stendur. Því er lagt til að ný heimild bæstist við 114. gr. laganna sem mæli fyrir um að heimilt verði að skylda útlending til að sinna reglulegri tilkynningarskyldu um veru sína hér á landi eða dveljast á ákveðnum stað meðan á skimun stendur skv. 19. gr. a. Heimildin er sett til að koma í veg fyrir hættu á að útlendingur láti sig hverfa áður en skimunarferli er lokið og til að bregðast við hugsanlegri ógn við innra öryggi sem getur stafað af slíku brottfarvi eða mögulegri ógn við lýðheilsu. Með því að tryggja að útlendingur fái ekki inngöngu í landið er átt við að honum verði ekki heimilt að koma löglega inn á yfirráðasvæði landsins. Það þýðir að hvorki skal stimpla vegabréf með innkomustimpli, skrá komu viðkomandi til landsins meðan á skimunarferli stendur né veita leyfi til dvalar. Gert er ráð fyrir að í tilvikum þar sem einstaklingur sækir ekki um alþjóðlega vernd eigi að skylda viðkomandi til að dvelja á ákveðnum stað og ekki heimila honum inngöngu í landið til samræmis við 15. gr. laga um landamæri, nr. 136/2022. Það þýðir einnig að þeim sem njóta „réttar til dvalar“ vegna umsóknar um alþjóðlega vernd er ekki heimil frjáls för um landið á meðan skimun stendur heldur verða þeir að vera á skimunarstað eða í því húsnæði sem þeim er úthlutað á meðan skimun stendur. Tilgangurinn er að sporna gegn því að umsækjendur um alþjóðlega vernd hverfi eftir að hafa fengið leyfi til að koma inn í landið á grundvelli umsóknar um alþjóðlega vernd. Ef flytja þarf útlending frá skimunarstað skal tryggja með viðeigandi varúðarráðstöfunum að viðkomandi verði til staðar þegar sinna þarf skimun. Finnist útlendingur ólöglega í landinu er einnig gert ráð fyrir að viðvera hans sé tryggð í skimunarferlinu. Heimilt er að vista útlending á brottfararstöð ef fullnægjandi mat hefur verið lagt á það að vægara úrræði dugi ekki til, til að tryggja að viðkomandi sé til staðar í skimunarferlinu, sbr. skilyrði 114. gr. a–e. Ákvæði þetta er sett til innleiðingar á 6. og 7. gr. skimunarreglugerðarinnar.

Um k-lið. Lagt er til að á eftir 114. gr. laganna komi sex nýjar greinar, 114. gr. a – 114. gr. f, ásamt fyrirsögnum, sem kveði á um skilyrði fyrir vistun á brottfararstöð og vistunartíma.

Um 114. gr. a. Í greininni er kveðið á um heimild lögreglu til að frelsissvipta og vista útlending á brottfararstöð að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Í 1. mgr. er að finna skilyrði sem þarf að uppfylla til að heimila megí vistun á brottfararstöð. Slík vistun felur í sér skerðingu á persónufrelsi og frelsissviptingu í skilningi 4. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Ákvörðun um vistun útlendinga á brottfararstöð á sér nokkra samsvörun með þvingunarúrræðum laga um meðferð sakamála en um er að ræða frelsissviptingu sem verður knúin áfram með valdi ef þörf krefur. Eins og áður hefur verið fjallað um er vistunin þó aldrei í tengslum við meðferð sakamáls heldur til að tryggja að útlendingur sé til staðar þegar framkvæma á ákvörðun um að hann skuli yfirgefa landið og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar hjá stjórnvöldum. Skilyrðin í a–i-lið eru mörg samhljóða skilyrðunum í 115. gr. laga um útlendinga en hafa verið aðlöguð skilyrðum samkvæmt norskri framkvæmd eftir því sem við á. Með þessum breytingum er lagt til að einstaklingar, sem nú sæta gæsluvarðhaldi og eru vistaðir í fangelsi í tengslum við ákvörðun sem mælir fyrir um för viðkomandi úr landi og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar hjá stjórnvöldum, verði frekar vistaðir á brottfararstöð. Þess vegna er einnig mælt fyrir um breytingar á 115. gr. laganna í þessari grein, sbr. g-lið. Eftir sem áður getur lögregla krafist gæsluvarðhalds yfir útlendingi á grundvelli laga um meðferð sakamála sé grunur um refsivert brot og að þar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Algengt er að gildandi ákvæðum í staflaðum 1. mgr. 115. gr. laga um útlendinga sé beitt samhliða þegar lögregla gerir kröfu um gæsluvarðhald. Þá er algengt að vísað sé til 4. mgr. 105. gr. laganna í úrskurðum. Verði frumvarpið að lögum er ekkert sem stendur því í vegi að svo verði áfram séu skilyrði uppfyllt. Þannig gætu fleiri en eitt ákvæðanna átt við þegar ákvörðun er tekin um að vista útlending á brottfararstöð.

Ákvæði a-liðar 1. mgr. er samhljóða ákvæði gildandi a-lið 115. gr. laganna. Vistun á þessum grundvelli skal aðeins tekin í því sjónarmiði að skýra auðkenni útlendinga. Samkvæmt lögum um útlendinga og almennum hegningarlögum getur það varðað sektum eða fangelsi að framvísa ekki skilríkjum og upplýsa um auðkenni sitt, sem og að hafa í vörslum sínum eða framvísa fölsuðum skilríkjum/vegabréfi eða skilríki/vegabréfi annars einstaklings. Samhliða því að vista útlending á brottfararstöð getur sú staða komið upp að rekið er sakamál á hendur honum. Vistunin er þó aldrei í þágu sakamáls. Þegar grunur er um refsivert brot, og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, metur lögregla hvort krafist verði gæsluvarðhalds á öðrum grunni, svo sem á grundvelli laga um meðferð sakamála, sjá til hliðsjónar dóma Landsréttar í málunum nr. 434/2019 og nr. 627/2023.

Ákvæði b-liðar 1. mgr. er að mestu samhljóða gildandi g-lið 1. mgr. 115. gr. laganna sem heimilar handtöku útlendinga og færa þá í gæsluvarðhald þegar nauðsynlegt þykir til að tryggja ákvörðun um að þeir skuli yfirgefa landið og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar. Þessi tegund gæsluvarðhalds laganna er algengust eins og sjá má af dómaframkvæmd. Með frumvarpinu er stefnt að því að útlendingar sem ákvæðið tekur til verði vistaðir á brottfararstöð fremur en látnir sæta gæsluvarðhaldi. Ákvæðinu hefur ýmist verið beitt einu og sér, en einnig með öðrum ákvæðum í staflaðum 1. mgr. 115. gr. þegar það á við, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Heimild til vistunar þegar verulegar líkur eru á að útlendingur komi sér undan framkvæmd ákvörðunar sem felur í sér að útlendingurinn verði fluttur til annars Evrópulands á grundvelli Dyflinnarsamningsins er nýmæli í ákvæðinu. Sérstakar málsmeðferðarreglur gilda um Dyflinnarmál samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 604/2013 en áætlað er að reglugerð (ESB) 2024/1351 leysi hana af hólmi í júní 2026. Í raun má segja að óþarfi sé að tiltaka ákvæðið sérstaklega þar sem gildandi heimild getur hæglega rúmað tilvik sem þessi. Talið er þó rétt að setja ákvæðið inn til áréttingar svo að ekki leiki neinn vafi á því að heimild til að vista útlendinga á brottfararstöð nái til þeirra tilvika sem þar er lýst og er þannig komið til móts við alþjóðlegar skuldbindingar.

Við mat á því hvort nauðsynlegt þykir að tryggja framkvæmd ákvörðunar um að útlendingur skuli yfirgefa landið er m.a. heimilt að taka tillit til almennrar reynslu af undankomu, sbr. viðmið skv. 3. mgr. 105. gr. laganna. Að öðru leyti ber að taka mið af aðstæðum í sérhverju tilviki.

Í c-lið 1. mgr. er mælt fyrir um að heimilt sé að vista útlending á brottfararstöð ef útlendingurinn hefur ekki sinnt kröfu um tilkynningarskyldu eða skyldu til dvalar á ákveðnum stað skv. 114. gr. laganna og mál hans er enn til meðferðar hjá stjórnvöldum eða frestur til sjálfviljugrar heimfarar er ekki liðinn. Áréttað er að vistun á brottfararstöð samkvæmt þessu ákvæði er aðeins unnt að beita þegar tryggja þarf för viðkomandi úr landi. Ákvæðið er að mestu samhljóða gildandi c-lið 1. mgr. 115. gr. laganna en við bætist að ekki verður unnt að beita úrræðinu þegar frestur útlendingis til að yfirgefa landið sjálfviljugur er liðinn. Taka skal fram að ekki þarf að vera um ítrekuð brot að ræða til að skilyrðið teljist uppfyllt.

Ákvæði d-liðar 1. mgr. er samhljóða gildandi d-lið 1. mgr. 115. gr. laganna og þarfnast ekki frekari skýringar.

Í e-lið 1. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að vista útlending á brottfararstöð ef hann gerir ekki það sem nauðsynlegt er til að afla sér ferðaskilríkja, sbr. 5. mgr. 104. gr. laganna, og ef tilgangurinn er að færa útlendinginn fyrir fulltrúa þess lands sem við á í því skyni að fá útgefin ferðaskilríki. Ákvæðið er samhljóða gildandi h-lið 1. mgr. 115. gr. laganna. Það er ábyrgð einstaklingsins sjálfs að afla ferðaskilríkja. Við mat á því hvort útlendingur gerir það sem nauðsynlegt þykir til að afla sér ferðaskilríkja skal m.a. líta til þess hvort hann hafi mætt á fundi, undirritað skjöl eða eyðublöð eða með öðrum hætti sýnt nægilega viðleitni til að tryggja að hið erlenda ríki geti sannreynt þjóðerni og auðkenni hans.

Ákvæði f-liðar 1. mgr. er að samhljóða gildandi e-lið 1. mgr. 115. gr. laganna og tekur til þess þegar útlendingurinn er staddur á íslenskum flugvelli og ætlunin er að senda hann úr landi. Ákvæðið krefst ekki nánari skýringar.

Í g-lið 1. mgr. er kveðið á um heimild til vistunar á brottfararstöð ef líklegt er talið að umsókn útlendingis um alþjóðlega vernd verði synjað um efnismeðferð skv. a- og d-lið 1. mgr. 36. gr. útlendingalaga, þ.e. þegar umsækjandi hefur komið til landsins að eigin frumkvæði eftir að hafa hlotið virka alþjóðlega vernd í öðru ríki (a-liður 1. mgr. 36. gr.) og þegar umsækjandi hefur slík tengsl við annað ríki að eðlilegt og sanngjarnt sé að hann dvelji þar, ferðist eða sé fluttur þangað að nánari skilyrðum uppfylltum (d-liður 1. mgr. 36. gr.). Ákvæðið er samsvarandi ákvæði b-liðar, en þau tilvik sem tilgreind eru í þessu ákvæði falla undir gildandi g-lið 1. mgr. 115. gr. laganna þar sem heimilt er að handtaka útlending og færa í gæsluvarðhald ef nauðsynlegt þykir til að tryggja framkvæmd ákvörðunar um að útlendingur skuli yfirgefa landið og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar. Ekki er því um nýmæli að ræða í þeim skilningi, en skerpt er á skilyrðum með því að gera kröfu um að *líklegt* verði að umsókn verði synjað í tilgreindum tilvikum og útlendingi því gert að yfirgefa landið í stað þess að kveðið sé á um mál sem sé til meðferðar *geti leitt* til ákvörðunar um að útlendingur skuli yfirgefa landið.

Í h-lið 1. mgr. er kveðið á um heimild til vistunar á brottfararstöð ef ætla má að umsókn útlendingis hljóti forgangsmeðferð á grundvelli b-f-liðar 2. mgr. 29. gr. laganna. Líkt og g-liður 1. mgr. sömu greinar á ákvæði þetta sér samsvörun í b-lið og gildandi g-lið 1. mgr. 115. gr. laganna og er því ekki um nýmæli að ræða í þeim skilningi. Nauðsynlegt þykir þó að draga fram þessa heimild með því að tilgreina hana sérstaklega. Til hliðsjónar er bent á nýlegan úrskurð Landsréttar frá 5. febrúar 2024 í máli nr. 88/2024 þar sem reyndi á sambærilegt atriði, en þar tók Útlendingastofnun umsókn útlendingis til flýtimeðferðar á grundvelli b-, c-, d- og/eða e-liðar 1. mgr. 29. gr. eftir ábendingu lögreglu sem í framhaldinu

fór fram á gæsluvarðhald yfir útlendingnum. Í forsendum héraðsdóms kom fram að afgreiðsla málsins kynni að leiða til þess að útlendingnum yrði gert skylt að yfirgefa landið og að það væri mat dómsins að ekki væri unnt að beita vægari úrræðum í málinu. Var fallist á kröfu lögreglu um gæsluvarðhald með vísan til a-, b- og g-liðar 1. mgr. 115. gr. laga um útlendinga. Landsréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms með vísan til forsendna hans með þeirri athugasemd að uppfyllt væru skilyrði g-liðar 1. mgr. 115. gr. laganna.

Í i-lið 1. mgr. er kveðið á um heimild til vistunar á brottfararstöð ef útlendingi hefur verið synjað um komu til landsins eða mun líklega verða synjað um komu til landsins og frávísað eða brottvísað. Hér er almennt átt við meðferð mála hjá landamærayfirvöldum og gæti ákvæðið til að mynda verið lagt til grundvallar í þeim tilvikum þegar útlendingi hefur verið synjað um komu og bið er á því að útlendingurinn geti farið úr landi, t.d. vegna flugsamgangna. Einnig í þeim tilvikum þegar ekki er upplýst hver útlendingur er, verið er að vinna að því að afla slíkra upplýsinga og líklegt þykir að honum verði synjað um komu til landsins og frávísað. Ákvæðið er samsvarandi ákvæði b-liðar og gildandi g-liðar 1. mgr. 115. gr. laganna og er því ekki um nýmæli að ræða í þeim skilningi. Nauðsynlegt þykir hins vegar vegna aukins álags á landamærum að skerpa á þessari heimild.

Í g-, h- og i-lið 1. mgr. er kveðið á um að þau ákvæði eigi ekki við ef útlendingur er barn eða með barn með sér sem hafi einnig sótt um alþjóðlega vernd eða uppfylli ekki skilyrði fyrir inngöngu í landið. Hér er átt við þegar viðkomandi útlendingur er foreldri eða umsjónarmaður barnsins. Með umsjónarmanni er átt við tilvik þegar barn kemur hingað til lands í fylgd annarra en foreldra þess, svo sem forsjáraðila, fjölskyldumeðlims eða aðila sem hefur með einum eða öðrum hætti tekið að sér að annast barnið. Þessar undanþágur ná þó ekki til annarra fullorðinna einstaklinga í sömu fjölskyldu.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild lögreglu til að beita valdi við framkvæmd ákvörðunar um vistun á brottfararstöð. Frelssvipting vegna vistunar á brottfararstöð hefur nokkra samsvörun með þvingunarráðstöfunum laga um meðferð sakamála og verður knúin fram með valdi ef þörf krefur. Hins vegar er ekki þörf á að beita einstakling valdi eða handtaka hann ef viðkomandi sýnir ekki móttþróa eða reynir að komast hjá ákvörðun lögreglu um vistun. Í ákvæðinu er vísað til lögreglulaga og er þar átt við 14. og 16. gr. þeirra laga.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 114. gr. b. Í greininni er kveðið á um form og efni ákvörðunar um vistun á brottfararstöð.

Samkvæmt 1. mgr. er ekki heimilt að taka ákvörðun um vistun útlendinga á brottfararstöð ef það felur í sér ósanngjarna ráðstöfun með hliðsjón af eðli máls og atvikum að öðru leyti eða ef talið er fullnægjandi að útlendingurinn sæti þess í stað öðrum vægari úrræðum. Meta þarf hvort vistun sé nauðsynleg og í réttu hlutfalli við það markmið sem að er stefnt. Leggja þarf mat á sérstakar aðstæður viðkomandi ásamt heilsufari til að meta hvort vistun gæti sett hann í sérstaklega viðkvæmar aðstæður eða í hættu og hvort viðkomandi þurfi sérstaka umönnun, athygli eða aðstoð. Það þarf því alltaf að fara fram einstaklingsbundið mat áður en ákvörðun um vistun á grundvelli ákvæðisins er tekin. Höfð skal hliðsjón af skilgreiningu 2. gr. frumvarpsins á *einstaklingum í sérstaklega viðkvæmri stöðu*. Vegna þess hversu mikið inngrip felst í vistun á brottfararstöð ætti aðeins að beita slíkri vistun sem síðasta úrræði, þ.e. þegar nauðsyn krefur eftir að fullnægjandi mat hefur farið fram og ljóst er að vægara úrræði mun ekki skila árangri í umræddu tilviki. Hér skal tekið fram að ekki er þörf á því að vægara úrræði hafi verið reynt svo að úrskurða megja útlending í vistun heldur er fullnægjandi að mat hafi farið fram sem staðfesti að vægara úrræði muni ekki duga til. Margoft hefur reynt á skilyrðið fyrir dómstólum og ekki er ætlunin með frumvarpinu að hrófla við því mati sem dómstólar

hafa lagt til grundvallar fram að þessu um hvort skilyrðinu hafi verið fullnægt. Hér skal einnig tekið fram að flutningur útlendings úr landi þarf að vera raunhæfur kostur frá upphafi til þess að vistun sé yfir höfuð réttlæt看leg. Má sem dæmi nefna að ef eitthvað gefur til kynna að ómögulegt sé að flytja útlending til ákveðins ríkis þá er ekki heimilt að vista hann á brottfararstöð á meðan sú staða er uppi. Er þá einkum átt við aðstæður sem eru ekki á ábyrgð útlendingsins, svo sem vegna þess að ómögulegt er að afla ferðaskilríkja frá heimaríki eða vegna óviðráðanlegra ytri aðstæðna. Þá ber að hafa hliðsjón af því hversu samvinnuþýður útlendingurinn er við öflun ferðaskilríkja, en skv. 5. mgr. 104. gr. laganna er útlendingi í þessari stöðu skylt að afla sér gildra ferðaskilríkja. Þá skal hafa í huga að í nær öllum tilvikum geta umræddir útlendingar farið sjálfviljugir til síns heimaríkis eða ríkis þar sem viðkomandi hefur heimild til dvalar.

Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. tekur mið af 4. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar þar sem gert er ráð fyrir þeirri aðstöðu að menn séu sviptir frelsi af öðrum ástæðum en með handtöku vegna gruns um refsiverða háttsemi. Í athugasemdum með 5. gr. í frumvarpi því sem varð að stjórnskipunarlögum, nr. 97/1995, er tekið fram að frelsissvipting skv. 4. gr. 67. gr. stjórnarskrárinnar sé að öðru jöfnu stjórnvaldsákvörðun sem fari eftir reglum um málsmeðferð samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993. Er bent á þágildandi lögræðislög sem dæmi um slíka frelsissviptingu, sbr. 19. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997. Í ákvæði frumvarpsins er mælt fyrir um hvað skuli koma fram í ákvörðun lögreglu um vistun útlendings á brottfararstöð, m.a. að hún skuli veitt skriflega og birt þeim sem henni er ætlað að gilda um. Réttaráhrif ákvörðunar miðast við birtingu hennar, sbr. 3. mgr. Þá er í 4. mgr. tekið fram að tilgreind ákvæði útlendingalaga og stjórnsýslulaga gildi ekki um ákvörðun lögreglu.

Ákvæði 5. og 6. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 114. gr. c. Í greininni er fjallað um málsmeðferð fyrir dómi.

Í 1. mgr. er kveðið á um að lögregla skuli bera ákvörðun um vistun útlendings á brottfararstöð undir héraðsdóm til staðfestingar innan tiltekins tíma og hvaða málsmeðferðarreglur gildi þar um. Í 4. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að hver sá sem sviptur sé frelsi af öðrum ástæðum en vegna gruns um refsiverða háttsemi eigi rétt á því að dómstóll kveði á um lögmæti frelsissviptingarinnar svo fljótt sem verða megi. Einnig kemur fram að ef frelsissvipting reynist ólögmæt skuli viðkomandi þegar látinn laus. Í skýringum við ákvæðið er farið yfir mun á réttarstöðu þess sem er frelsissviptur vegna gruns um refsiverða háttsemi og þess sem er frelsissviptur af öðrum ástæðum. Felst munurinn aðallega í því að í fyrra tilvikinu er ávallt fortakslaus skylda að leiða mann fyrir dómara ef hann er ekki látinn laus í kjölfar handtöku. Í því síðara gildi þetta ekki um þann sem er frelsissviptur af öðrum ástæðum en vegna gruns um refsiverðan verknað heldur sé ráðgert að hann skuli alltaf eiga kost á að bera lögmæti frelsissviptingar undir dómstóla ef hann óskar eftir því. Aðgangur að dómara í þeim tilvikum þjóni því einkum tilgangi málskots til endurskoðunar á stjórnvaldsákvörðun. Ákvæði þetta tryggir því réttindi útlendinga umfram lágmarksréttindi sem stjórnarskráin kveður á um með því að fela lögreglu að bera lögmæti ákvörðunar undir dómara. Málsmeðferðin er í samræmi við brottvísunartilskipunina, en í henni er ekki gerð krafa um úrskurð dómstóla þegar ákvörðun er tekin um vistun heldur er heimilt að taka stjórnvaldsákvörðun um vistun. Hins vegar er gerð krafa samkvæmt tilskipuninni að sú ákvörðun sé borin undir dómstóla til staðfestingar á lögmæti hennar eða að viðkomandi aðila sé veitt tækifæri til að kæra ákvörðunina til dómstóla. Það er misjafnt hvernig málsmeðferð er hagað í öðrum Schengen-ríkjum að þessu leyti en ákveðið var að miða við norska framkvæmd. Ekki er kveðið á um ákveðin tímamörk skv. 4. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar heldur er sagt að bera þurfi lögmæti ákvörðunar undir dómstól svo fljótt sem verða má. Í skýringum við ákvæðið er sagt

að þessi orð geti þurft að skýra með hliðsjón af eðli frelsissviptingar hverju sinni en ætla megi að kröfur yrðu að öðru jöfnu gerðar til þess að ekki verði farið í þeim efnum fram úr viðmiðunarmörkum skv. 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrár, þ.e. að leitað verði úrlausnar dómstóla án undandráttar. Til samræmis við þetta er gert ráð fyrir að lögregla beri ákvörðun undir dómara til staðfestingar alla jafna innan tímamarka sem hafa helgast af langvarandi venju, þ.e. innan sólarhrings og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að ákvörðun var birt útlendingi. Beint er til lögreglu að senda dómstólum gögn málsins sem fyrst en að öðru leyti skýrir ákvæðið sig sjálft. Hér skal athugast að aðrir tímafreistir gilda um vistun barna skv. 3. mgr. nýrrar 114. gr. e.

Ákvæði 2. mgr. skýrir sig að mestu sjálft. Gert er ráð fyrir að útlendingi sé skylt að mæta fyrir dóm og gefa þar skýrslu ef dómari telur þess þörf. Nauðsynlegt er talið að útlendingur komi fyrir dóm og gefi þar skýrslu þegar ákvörðun lögreglu um vistun hans á brottfararstöð er í fyrsta sinn borin undir dóm til staðfestingar. Hins vegar getur verið að dómari telji ekki þörf á að hann mæti til skýrslutöku ef krafist er framlengingar heldur nægi að lögmaður mæti fyrir hans hönd. Hér er einungis fjallað um skyldu útlendingis til að mæta í dóm, en hann ætti ávallt rétt á því að mæta í þinghald ásamt lögmanni sínum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að útlendingi skuli skipaður lögmaður vegna meðferðar máls fyrir dómi og fer um þá skipun skv. IV. kafla laga um meðferð sakamála. Þóknun lögmanns greiðist úr ríkissjóði.

Ákvæði 4. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Ákvæði 5. mgr. kveður á um kæru til Landsréttar og Hæstaréttar og áréttað að málsmeðferð fyrir dómi frestar ekki réttaráhrifum stjórnvaldsákvörðunar nema lögreglustjóri ákveði annað.

Í 6. mgr. er kveðið á um að málsmeðferð fyrir dómi fari að öðru leyti eftir XV. kafla og öðrum ákvæðum laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, eftir því sem við eigi. Er þar m.a. átt við reglur um undirbúning og framlagningu kröfu, um form úrskurðar og að úrskurður verði ekki kærður hafi athöfn þegar farið fram. Ekki er um tæmandi talningu að ræða. Sjá skal til þess að kynna viðkomandi úrskurðinn á tungumáli sem hann skilur.

Ákvæði 7. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 114. gr. d. Í ákvæði þessu er kveðið á um vistunartíma á brottfararstöð og endurmat ákvörðunar um vistun. Um tímaviðmið í þessari grein var litið til norskrar löggjafar um sama efni, fyrir utan 4. mgr.

Miða skal við að vistun á brottfararstöð vari í eins stuttan tíma og mögulegt er og ekki lengur en fjórar vikur í senn, sbr. 1. mgr. Þykir vistun í allt að fjórar vikur í senn hæfilegur tími áður en gerð er krafa um að endurmat fari fram um hvort skilyrði fyrir vistun séu enn uppfyllt. Hins vegar er heimilt að vista útlending lengur skv. a-lið 1. mgr. 114. gr. a, en þó eigi lengur en átta vikur í senn ef fyrirséð er að mat á skilyrðum vistunar muni ekki taka breytingum innan fjögurra vikna. Á það einungis við um a-lið 114. gr. a því að oft er fyrirséð í slíkum málum að málsmeðferð taki lengri tíma en fjórar vikur, m.a. vegna samskipta við önnur ríki.

Samkvæmt 2. mgr. verður vistun á brottfararstöð ekki framlengd nema til komi ný ákvörðun lögreglu sem skylt er að bera undir dóm skv. 114. gr. c. Skilyrði fyrir framlengingu er að skilyrði skv. 1. mgr. 114. gr. a séu enn fyrir hendi og að stjórnvöld sýni fram á að unnið hafi verið að máli viðkomandi af tilhlýðilegri kostgæfni. Með því er átt við að málið hafi verið rekið innan hæfilegs tíma og þess gætt að óútskýrðar tafir hafi ekki átt sér stað. Áréttað er þó að mál þessi geta tekið langan tíma og því er mikilvægt að stjórnvöld hafi svigrúm til að skipuleggja og undirbúa framkvæmd ákvörðunar um að útlendingur skuli yfirgefa landið.

Í 3. mgr. eru sett tiltekin skilyrði fyrir vistun sem á að vara lengur en 12 vikur og kveðið á um að hún sé eingöngu heimil ef líklegt þyki að brottflutningur muni dragast á langinn vegna

skorts á samvinnu viðkomandi útlendings eða vegna tafa við öflun gagna frá yfirvöldum annars ríkis. Ákvæðið er sett til innleiðingar á 5. mgr. 15. gr. brottvísunartilskipunarinnar.

Í 4. mgr. má finna sérstakt ákvæði er kveður á um vistunartíma skv. g–i-lið 1. mgr. 114. gr. a. Hún tekur mið af norskri löggjöf, en skilyrði a–i-liðar 1. mgr. 114. gr. a eru í meginatriðum þau sömu og í norskri löggjöf um sama efni. Hins vegar er ekki hægt að miða við sömu fresti og í norsku löggjöfinni enda er málsmeðferð samkvæmt umræddum ákvæðum ekki bundin sömu málsmeðferðarfrestum hér á landi og í norskri framkvæmd. Því er lagt til að vistunartími samkvæmt umræddum ákvæðum vari ekki lengur en þrjár vikur.

Samkvæmt brottvísunartilskipuninni og í norskum lögum er hámarksvistunartími á brottfararstöð 18 mánuðir og verður miðað við þann hámarkstíma í 5. mgr. þessa ákvæðis þó að gera megí ráð fyrir að útlendingur verði alla jafna ekki vistaður svo lengi, enda þurfa sérstakar ástæður að vera fyrir hendi ef vista á útlending lengur en 12 vikur, sbr. 3. mgr. Ef ekki hefur verið unnt að framkvæma brottvísun eða frávísun innan 18 mánaða frá upphafi vistunar skal útlendingur látinn laus. Heimilt er að vista útlending sem hefur lokið vistun eftir 18 mánuði síðar meir á brottfararstöð séu nýjar eða breyttar forsendur til vistunar fyrir hendi. Slík ráðstöfun yrði ávallt borin undir dóm, sbr. ákvæði 114. gr. c.

Að lokum er í 6. mgr. kveðið á um að lögregla skuli láta útlending lausan jafnskjótt og ástæður til vistunar eru ekki lengur fyrir hendi. Ákvæðið er sambærilegt 2. mgr. 97. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, en ákvæðin eru innleiðing á 4. mgr. 15. gr. brottvísunartilskipunarinnar sem mælir fyrir um að útlendingur skuli látinn laus um leið og ástæður til vistunar eru ekki lengur fyrir hendi eða þegar vistunartíma lýkur.

Ákvæði 7. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 114. gr. e. Í greininni er kveðið á um sérstakar reglur er gilda eiga um vistun barna á brottfararstöð. Ríkari kröfur eru gerðar til vistunar barna á brottfararstöð en einstaklinga 18 ára og eldri og felst það m.a. í því að strangari kröfur eru gerðar til mats á nauðsyn þess að vista barn auk þess sem gæta þarf meðalhófs við ákvarðanatöku, færri tilvik gilda um hvenær megí vista barn á brottfararstöð og þá eru tímamörk vistunar barns skýrt afmörkuð og mun skemmri en vistun fullorðinna. Þá verði barn aldrei vistað á brottfararstöð án fjölskyldu sinnar og verða fylgdarlaus börn að sama skapi ekki vistuð í slíku úrræði. Ákvæðinu er ætlað að mæta glufum í núgildandi löggjöf þegar kemur að því að tryggja framkvæmd brottflutnings í ákveðnum takmarkatilvikum. Í framkvæmd núgildandi laga hafa komið upp tilvik þar sem eina haldbæra úrræði yfirvalda til að tryggja framkvæmd þvingaðs brottflutnings í kjölfar ákvörðunar um brottvísun var að ráðstafa barni í tímabundið fóstur hjá barnaverndaryfirvöldum samhliða því að forráðamaður barns var úrskurðaður í gæsluvarðhald. Ákvæðinu er ætlað að binda enda á þessa framkvæmd og marka íhlutun yfirvalda til að tryggja flutning úr landi skýrari ramma og verulega skemmri tímamörk.

Þegar ákvörðun er tekin um vistun barns á grundvelli 1. mgr. verður að gæta að hagsmunum barnsins, enda er eðli málsins samkvæmt um viðkvæman hóp einstaklinga að ræða. Leiðir það m.a. af barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem kveðið er á um að frelsis-sviptingu barns skuli einungis beitt sem síðasta úrræði og í sem skemmstan tíma. Þess vegna er gerður áskilnaður skv. 1. mgr. um brýna nauðsyn sem réttlæti vistun barns á brottfararstöð og ákvæðinu verði aðeins beitt sem síðasta úrræði. Vistun má því aðeins eiga sér stað ef hún er óhjákvæmileg og þjónar bæði lögmætu markmiði sem að er stefnt og hagsmunum barnsins. Það krefst þess að vægara úrræði hafi verið vandlega skoðað og sýnt fram á að ekkert annað dugi til, ekki aðeins með tilliti til árangurs ráðstöfunar heldur með tilliti til áhrifa hennar á það barn sem á í hlut. Ítarlegt og einstaklingsbundið mat þarf ætíð að fara fram þar sem tekið er tillit til aldurs, aðstæðna og hagsmuna barnsins, sjá nánari umfjöllun um 1. mgr. 114. gr. b.

Gengið er út frá því að börn verði ekki vistuð ein á brottfararstöð heldur verði hugað að einingu fjölskyldunnar. Fjölskyldur eru yfirleitt fluttar saman og því er mikilvægt að þær séu vistaðar saman til að tryggja að hægt sé að ná í alla fjölskyldumeðlimi við flutning. Hins vegar þarf alltaf að fara fram sérstakt mat um vistun barns, sem þýðir að það verður ekki sjálfkrafa vistað með foreldrum sínum þó að skilyrði til að vista foreldrana séu uppfyllt. Með takmarkatilvikum skv. 2. málsl. 1. mgr. er átt við þau tilvik þegar óvenju margir útlendingar koma til landsins á sama tíma og nauðsynlegt er að tryggja viðveru barns í skamman tíma til að bera kennsl á það sbr. skilyrði a-liðar 114. gr. a. Þegar mat fer fram á því hvort vista eigi barn með fjölskyldu sinni á grundvelli b-liðar 114. gr. a þarf að vera veruleg hætta á flóttu, t.d. þegar fjölskylda hefur torvelað brottvísun og brottvísun er fyrirhuguð innan skamms. Vistun barns á grundvelli b–f-liðar á að öðru leyti eingöngu að fara fram í því skyni að tryggja yfirvofandi flutning þess úr landi, þ.e. þegar hann er fyrirhugaður innan þess tíma sem heimilt er að vista barnið á brottfararstöð skv. 5. mgr.

Samkvæmt 2. mgr. skal lögregla tilkynna barnaverndarþjónustu þegar ákvörðun um vistun barns er tekin skv. 1. mgr. Málsgreinin tekur mið af norskri fyrirmynd. Það er þá mat barnaverndarþjónustu hverju sinni hvort ástæða er fyrir aðkomu hennar að máli barnsins. Það kann að vera að hún hafi haft aðkomu að máli barnsins áður en ákvörðun er tekin um vistun þess sem heldur þá áfram ef tilefni er til. Ef talin er þörf á aðkomu barnaverndar síðar í málsmeðferðinni eða eftir að barn hefur verið vistað á brottfararstöð þarf sérstaklega að gera henni viðvart. Gert er ráð fyrir, eins og fram kemur í skýringum við 5. gr., að á brottfararstöð starfi fagfólk með sérhæfða þekkingu á málefnum barna í viðkvæmri stöðu. Starfsfólk öðlist sérstaka þjálfun til að vinna með börnum og greina þarfir þeirra svo að unnt sé að veita þeim þá þjónustu og aðbúnað sem þau þurfa. Starfsfólk þarf þannig að vera í stakk búið til að greina aðstæður sem geri þeim skylt að tilkynna atvik/aðstæður til barnaverndarþjónustu og má í þessu tilliti árétta þá skyldu starfsfólks sem vinnur með börnum skv. 17. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, að tilkynna til barnaverndarþjónustu ef ástæða er til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um styttri tímafrest til að bera ákvörðun um vistun barns undir dómstóla en þegar um er að ræða lögráða einstakling. Er það gert með hliðsjón af hagsmunum barns til að fá ákvörðun lögreglu um vistun staðfesta sem fyrst af dómstólum. Samkvæmt ákvæðinu er börnum ekki skylt að mæta fyrir dóm og gefa skýrslu nema dómari telji þess þörf. Um framkvæmd og málsmeðferð vegna vistunar barna munu að öðru leyti ákvæði 114. gr. b og 114. gr. c gilda, nái frumvarpið fram að ganga, en annars ákvæði laga um meðferð sakamála þar sem þeim sleppir, að teknu tilliti til hagsmuna barnsins, þ.m.t. að þinghöld séu háð fyrir luktum dyrum og tekið sé tillit til hagsmuna barnsins við þinghöld, svo sem með því að heyja dómþing á öðrum stað en föstum þingstöðum, sbr. 9. og 10. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Í þessu tilliti má einnig nefna þann möguleika að þinghald í málum barna og fjölskyldna á brottfararstöð fari fram í gegnum fjarfundabúnað á staðnum.

Í 4. mgr. kemur fram að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar um er að ræða vistun þess. Þetta er í samræmi við grundvallarreglu barnaréttar og samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Við ákvarðanatöku verður því að vera skýrt að hagsmunir barnsins hafi verið teknir til skoðunar í málinu og hvernig þessir hagsmunir hafi verið vegnir með tilliti til annara hliða málsins, svo sem skyldu barnsins og fjölskyldu þess að yfirgefa landið. Meðal annars skal líta til aldurs og þroska barnsins, andlegrar og líkamlegrar velferðar þess og fjölskyldutengsla og skal það gert með persónubundnu mati í hverju og einu máli. Aldur er lykilþáttur við mat á því hvað telst barni fyrir bestu. Meta þarf hvort hagsmunir barns

vegi svo þungt að fjölskyldan verði ekki vistuð á brottfararstöð. Einnig þarf að huga að því hvort það sé barninu fyrir bestu að aðskilja það frá fjölskyldu sinni eða ekki. Meginreglan er sú að barninu er best borgið hjá foreldrum sínum og því þurfa að vera gildar ástæður fyrir því að aðskilja það frá foreldrum sínum, sbr. 9. gr. barnasáttamála Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um að barn skuli ekki aðskilið frá foreldrum sínum nema þegar það er nauðsynlegt fyrir öryggi og líðan þess. Mat á því sem er barni fyrir bestu er ekki alltaf það eina sem ræður endanlegri niðurstöðu þegar allar hliðar málsins eru skoðaðar heildstætt. Hagsmunir barnsins ættu þó að vera í forgrunni við slíka ákvarðanatöku og yfirvöld eru, við beitingu og túlkun þessarar reglu að sjálfsögðu bundin af þeim úrræðum sem lög gera ráð fyrir og heimila.

Samkvæmt 5. mgr. er vistun barna markaður mun skemmri tími en vistun lögráða einstaklinga. Lagt er til að heimilt verði að vista barn á brottfararstöð í allt að þrjá sólarhringa. Þó verði heimilt að framlengja vistun þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Er þá fyrst og fremst átt við þegar fjölskylda barns ber ábyrgð á því að flutningur hafi ekki farið fram innan þriggja sólarhringa frá birtingu ákvörðunar eða þegar dagsetning á framkvæmd flutnings liggur fyrir og er fyrirhuguð innan þess tíma. Líkt og á við um vistun lögráða einstaklinga þarf lögreglan að taka nýja ákvörðun um vistun og bera hana undir dómstóla til staðfestingar.

Loks er áréttað í 6. mgr. að heildartími vistunar barns á brottfararstöð megi aldrei vara lengur en níu daga. Þessar reglur taka mið af sambærilegum skilyrðum og má finna í norski löggjöf um vistun barna á brottfararstöð.

Í 7. mgr. er kveðið á um að óheimilt sé að vista fylgdarlaus börn á brottfararstöð. Að því marki sem unnt er skal þeim séð fyrir vistarverum samkvæmt úrræðum á vegum barnaverndaryfirvalda.

Ákvæði 8. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 114. gr. f.

Í ákvæðinu er kveðið á um bætur vegna frelsissviptingar og vistunar á brottfararstöð. Skv. 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar skal maður eiga rétt til skaðabóta hafi hann verið sviptur frelsi að ósekju. Í 1. mgr. 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu kemur fram að allir menn eigi rétt til frelsis og mannhelgi og engan megi svipta frelsi nema í tilteknum tilvikum og þá í samræmi við þá málsmæðferð sem segir í lögum. Er svo tæmandi talið í hvaða tilvikum megi svipta menn frelsi sínu. Þannig segir í 5. mgr. 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu að hver sá sem tekinn hafi verið höndum eða settur í gæslu gagnstætt ákvæðum 5. gr. skuli eiga bótarétt. Er m.a. heimilt að svipta menn frelsi til að koma í veg fyrir að þeir komist ólöglega inn í landið, en einnig er frelsissvipting heimil þegar vísa á mönnum úr landi. Með frumvarpinu er lagt til að sami háttur verði hafður á og verið hefur samkvæmt lögum um meðferð sakamála þar sem hefur verið mælt fyrir um hlutlæga skaðabótaábyrgð vegna háttsemi sem menn hafa orðið fyrir af völdum yfirvalda. Þau yfirvöld sem hér geta komið til álita er m.a. lögregla, ákærvald og dómstólar. Skylda ríkisins til greiðslu bóta er ekki háð því að tjón stafi af ásetningi eða gáleysi starfsmanna yfirvalda heldur er bótaskyldan hlutlæg. Á hinn bóginn er sá kostur fyrir hendi að sá sem telji sig hafa beðið tjón vegna aðgerða yfirvalda vegna handtöku og vistunar á brottfararstöð geti krafist bóta úr hendi ríkisins á öðrum grundvelli. Til að bótaréttur stofnist til handa þeim sem hefur sætt frelsissviptingu á brottfararstöð þarf útlendingur að hafa verið frelsissviptur og vistaður þar að ósekju. Ekki eru sett frekari skilyrði fyrir bótaábyrgð og skiptir ekki máli í því sambandi hvort lögmæt skilyrði hafi brostið til aðgerða sem haft hafa í för með sér tjón eða ekki hafi verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til að grípa til þeirra eða þær hafi verið þannig að meðalhófs hafi ekki verið gætt eða þær taldar ósanngjarnar. Allt eru þetta þó atriði sem unnt er að líta til við mat á því hvort útlendingur hafi sætt frelsissviptingu og vistun á brottfararstöð að ósekju. Að öðru leyti munu ákvæði XXXIX.

kafla laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, gilda eftir því sem við á. Þannig tekur bótarétturinn jafnt til fjárhagslegs tjóns sem ófjárhagslegs og er það til samræmis við skýringar Mannréttindadómstóls Evrópu á 5. mgr. 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Enn fremur gilda framangreind ákvæði laga um meðferð sakamála um aðilaskipti að bótakröfu, um málsmeðferðarreglur, endurkröfurétt ríkisins á hendur starfsmönnum yfirvalda sem taldir eru hafa með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi valdið þeim aðgerðum sem krafa er reist á eða framkvæmt þær með sama hætti. Þau gilda einnig um skyldu til að endurgreiða bætur komi í ljós að útlendingi hafi ranglega verið greiddar bætur. Varðandi ákvörðun um fjárhæð bóta er unnt að líta til dóms Hæstaréttar í máli nr. 28/2022.

Um l-lið. Lagðar eru til breytingar á 115. gr. laganna vegna tilkomu nýrra greina, 114. gr. a – 114. gr. f, um vistun á brottfararstöð. Ekki verður lengur heimilt að handtaka og færa útlending í gæsluvarðhald til að tryggja flutning hans úr landi heldur eiga skilyrði 114. gr. a – 114. gr. e að gilda um heimild til frelsissviptingar og vistunar á brottfararstöð. Hins vegar verður áfram heimilt að beita gæsluvarðhaldi skv. 115. gr. laganna þegar útlendingur sýnir af sér hegðun sem ógnar allsherjarreglu, öryggi ríkisins eða almannahagsmunum og þegar útlendingurinn telst ógna þjóðaröryggi að mati lögreglu og ætlunin er að senda hann úr landi. Vísað er til skýringar við k-lið um þessar breytingar.

Um m-lið. Lagt er til að ráðherra kveði í reglugerð nánar á um skimun skv. 19. gr. a, þar á meðal um réttindi og skyldur útlendinga, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga þar sem gert er ráð fyrir að upplýsingar verði skráðar í tiltekin skimunarform til samræmis við ákvæði 17. gr. skimunarreglugerðarinnar og um eftirlit með grundvallarréttindum útlendinga til samræmis við 10. gr. sömu reglugerðar.

Um n-lið. Ákvæðið snýr að breytingu á tilvísun í kjölfar þeirra breytinga sem lagðar eru til í a-lið þar sem bæta á nýjum tölulið við 3. gr. laganna.

Um 2. tölul.

Lagt er til að i-liður 1. tölul. 5. gr. lögreglulaga falli brott þar sem ákveðið hefur verið að færa heimferða- og fylgdadeild ríkislögreglustjóra, sem annast m.a. framkvæmd ákvarðana um brottvísanir og frávísanir samkvæmt lögum um útlendinga til lögreglustjórans á Suðurnesjum. Um þessar breytingar er vísað til nánari skýringar í 3. kafla greinargerðar.

Um 3. tölul.

Lagðar eru til breytingar á 1. másl. 1. mgr. 3. gr. vopnalaga, nr. 16/1998, á þá leið að lögin gildi ekki um tiltekin vopn, tæki og efni sem tilheyri brottfararstöð. Verði þessi breyting samþykkt mun ráðherra hafa heimild á grundvelli 3. gr. vopnalaga til að setja reglur um vopn, tæki og efni sem tilheyra brottfararstöð.

Um 4. tölul.

Lagðar eru til breytingar á 1. mgr. 10. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, á þá leið að tóbaksreykingar verði óheimilar á brottfararstöð. Áréttað skal þó að reykingar verði leyfðar á útisvæðum brottfararstöðvar til samræmis við reglur þar um.